

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 834/2010 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) *Innflutningur*: Innflutningur í skilningi 8. gr. a, 8. gr. b og 8. gr. d er innflutningur til Íslands frá öðru ríki hvort sem útflutningsríkið er innan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess.
- 2) *Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir*: Vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni, brennisteinshexaflúoríð og aðrar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda flúor og eru skráðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna.
- 3) *Vetnisflúorkolefni*: Efnin, sem eru skráð í 1. þætti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014, eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna.
- 4) *Hnatthlúnunarmáttur*: Geta gróðurhúsalofttegundar til að valda loftslagshlúnun samanborið við mátt koldíoxíðs, reiknað sem hlúnunarmáttur tiltekins massa af gróðurhúsalofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlúnunarmætti sama massa af koldíoxíði, eins og fram kemur í I., II. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 517/2014 eða, ef um blöndur er að ræða, reiknað í samræmi við IV. viðauka sömu reglugerðar.
- 5) *Koldíoxíðjafngildi*: Magn gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem margfeldið af massa gróðurhúsalofttegundanna og hnatthlúnunarmáttar þeirra. Mælieining koldíoxíðjafngildis er háð mælieiningu massa gróðurhúsalofttegundanna sem notuð er við útreikninginn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

a) 6. mgr. orðist svo:

Vottun samkvæmt þessari grein er veitt af vottunarstofu, sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildinguna o.fl., eða sem hlotið hefur tilnefningu yfirvalda sem slík. Umhverfisstofnun er tilnefnd vottunarstofa.

b) Á eftir 6. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, sem verða 7., 8., og 9. mgr., og orðast svo:

Til að hljóta vottun samkvæmt þessari grein þarf starfsmaður að hafa staðist þekkingar- og færnimat í samræmi við viðeigandi kröfur, sbr. ofangreindar vísanir í fylgiskjöl. Matið er framkvæmt af matsaðila sem hlotið hefur tilnefningu yfirvalda sem matsaðili einstaklinga eða verið faggiltur af faggildingarsviði Einkaleyfastofu. Matsaðili skilar niðurstöðum mats til vottunarstofu. Starfsmaður skal sækja um vottun hjá vottunarstofu innan tveggja ára frá því að hafa staðist mat. Hafi starfsmaður ekki sótt um vottun innan tveggja ára skal hann gangast undir mat að nýju til að hljóta vottun.

Vottunarstofa gefur út skirteini um vottun til handa þeim sem um það sækja og staðist hafa viðeigandi mat. Vottunin skal gilda í fimm ár. Óski starfsmaður þess að fá vottun sína endurnýjaða skal hann gangast undir endurmat hjá matsaðila. Sé gildistími fyrri vottunar ekki liðinn, eða ekki lengra liðið en eitt ár frá því að vottun starfsmanns féll úr gildi þegar hann sækir um endurvottun þarf hann einungis að undirgangast bóklegan hluta matsins. Standist hann það mat má framlengja gildistímam um fimm ár án þess að meta verklega þætti. Sé lengra liðið en ár frá því að vottun starfsmanns féll úr gildi skal hann undirgangast fullt mat.

Skirteini sem staðfestir vottun starfsmanns skal gefið út á íslensku og ensku. Í skirteini skal koma fram með skýrum hætti að starfsmaður fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópusambandsins, sbr. 11. gr. Vottunarstofa skal halda skrá yfir vottaða einstaklinga. Komi til þess að aðili, annar en Umhverfisstofnun, gegni hlutverki vottunarstofu skal viðkomandi senda upplýsingar um útgefin skirteini til Umhverfisstofnunar fyrir undangengið almanaksár eigi síðar en 1. mars ár hvert. Umhverfisstofnun heldur skrá yfir alla starfsmenn sem hlotið hafa vottun. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

c) 7. mgr. verður 10. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

a) Við 1. mgr. bætist við nýr málslíður sem orðast svo:

Kröfur þessar eru útfærðar nánar af matsaðila í samvinnu við Umhverfisstofnun.

b) Við 2. mgr. bætist við nýr málslíður sem orðast svo:

Kröfur þessar eru útfærðar nánar af matsaðila í samvinnu við Umhverfisstofnun.

c) 3. mgr. orðast svo:

Vottun samkvæmt þessari grein er veitt af vottunarstofu sem hefur verið faggilt af faggildingarsviði Einkaleyfastofu í samræmi við lög nr. 24/2006 um faggildinguna o.fl., eða sem hlotið hefur tilnefningu yfirvalda sem slík. Umhverfisstofnun er tilnefnd vottunarstofa.

d) Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, sem verða 4. og 5. mgr., og orðast svo:

Til að hljóta vottun samkvæmt þessari grein þarf fyrirtæki að hafa staðist mat varðandi aðstöðu og tækjabúnað, sbr. viðeigandi kröfur reglugerða Evrópusambandsins, sbr. 11. gr., auk þess sem fjöldi vottaðra starfsmanna fyrirtækisins þarf að vera í samræmi við ætlað umfang verkefna sem krefjast vottaðra starfsmanna. Mat á fyrirtækjum er framkvæmt af matsaðila sem hlotið hefur tilnefningu yfirvalda sem matsaðili fyrirtækja eða verið faggiltur af faggildingarsviði Einkaleyfastofu.

Vottunarstofa gefur út skírteini um vottun til handa þeim fyrirtækjum sem um það sækja og staðist hafa viðeigandi mat. Vottunin skal gilda í fimm ár. Sækist fyrirtækið eftir endurnýjun vottunar að þeim tíma liðnum skal það gangast undir mat að nýju. Skírteini skal gefið út á íslensku og ensku. Í skírteini skal koma fram með skýrum hætti að fyrirtæki fullnægi kröfum viðeigandi reglugerðar Evrópusambandsins, sbr. 11. gr. Vottunarstofa skal halda skrá yfir fyrirtæki sem hlotið hafa vottun. Komi til þess að aðili, annar en Umhverfisstofnun, gegni hlutverki vottunarstofu skal viðkomandi senda upplýsingar um útgefin skírteini til Umhverfisstofnunar fyrir undangengið almanaksár eigi síðar en 1. mars ár hvert. Umhverfisstofnun heldur skrá yfir öll fyrirtæki sem hlotið hafa vottun. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.

e) 4. mgr. verður 6. mgr.

4. gr.

Á eftir 8. gr. reglugerðarinnar koma fjórar nýjar greinar, 8. gr. a-d, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (8. gr. a)

Skerðing á magni vetnisflúorkolefna sem sett er á markað.

Innflutningur vetnisflúorkolefna ár hvert skal ekki vera meiri en hámarksmagnið fyrir umrætt ár, í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

Innflytjendur skulu sjá til þess að innflutningur þeirra á vetnisflúorkolefnum ár hvert falli innan þeirra innflutningsheimilda sem þeim hefur verið úthlutað skv. 8. gr. b og/eða framseldar hafa verið til þeirra skv. 8. gr. c. Hafi innflytjandi flutt inn vetnisflúorkolefni umfram heimildir má einungis úthluta honum minnkuðum innflutningsheimildum fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast.

Minnkunin skal reiknuð sem 200% af því magni sem hann flutti inn umfram úthlutaðar heimildir. Ef minnkaða magnið er meira en þær heimildir sem úthluta á viðkomandi skv. 8. gr. b fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast, skal ekki úthluta honum neinum heimildum fyrir það úthlutunartímabil og einnig skal minnka úthlutaðar heimildir fyrir næstu úthlutunartímabil þar til búið er að draga frá allt magnið.

b. (8. gr. b)

Úthlutun innflutningsheimilda vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað.

Umhverfisstofnun skal fyrir 1. september ár hvert ákvarða viðmiðunargildi fyrir hvern innflytjanda sem tilkynnt hefur um, í samræmi við 4. gr., og fært sönnur á löglegan innflutning vetnisflúorkolefna. Viðmiðunargildin skulu reiknuð samkvæmt reglum þar um í II. viðauka og lögð til grundvallar við úthlutun innflutningsheimilda árið eftir, sbr. 4. mgr.

Innflytjendur sem ekki hafa verið reiknuð viðmiðunargildi fyrir skv. 1. mgr. geta sótt um heimild til innflutnings vetnisflúorkolefna árið eftir. Umsóknin skal vera skrifleg og skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. september árið áður en innflutningurinn á að eiga sér stað. Í umsókninni skal tiltaka tegundir vetnisflúorkolefna og magn hverrar þeirra sem vilji er til að flytja inn.

Innflytjendur sem reiknuð hafa verið viðmiðunargildi fyrir skv. 1. mgr. geta, í samræmi við 2. mgr., sótt um heimild til innflutnings vetnisflúorkolefna umfram þær innflutningsheimildir sem þeim eru úthlutaðar á forsendum viðmiðunargildanna.

Frá og með 2019 skal Umhverfisstofnun ár hvert úthluta til hvers innflytjanda, sem getið er um í 1. og 2. mgr., innflutningsheimildum vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað og beita við það úthlutunarfyrikomulaginu sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Útreikningur viðmiðunargilda og úthlutun innflutningsheimilda samkvæmt þessari grein eru bundin við kennitölu þess einstaklings eða lögaðila sem við á.

c. (8. gr. c)

Framsal innflutningsheimilda.

Innflytjendur, sem úthlutað hefur verið innflutningsheimildum skv. 4. mgr. 8. gr. b, geta framselt heimildir fyrir allt magnið eða hluta þess til annars innflytjanda. Framsalið skal gert með skriflegri tilkynningu til Umhverfisstofnunar. Tilkynningin skal vera dagsett og vottuð og greina með skýrum hætti frá því hvaða magn heimilda er framselt. Innflutningur á forsendum framseldra heimilda mun teljast til reiknings viðmiðunargildis skv. 1. mgr. 8. gr. b fyrir það fyrirtæki sem heimildirnar voru framseldar til.

d. (8. gr. d)

Framleiðendur vetnisflúorkolefna.

Í ljósi þess að vetnisflúorkolefni eru ekki framleidd hér á landi lýsa ákvæði 8. gr. a, 8. gr. b og 8. gr. c einungis réttindum og skyldum innflytjenda. Ákvæði greinanna skulu þó einnig gilda um framleiðendur komi til þess að vetnisflúorkolefni verði framleidd hér á landi. Í slíku tilfalli skal lesa heimild til innflutnings sem heimild til framleiðslu.

Framleiðsla vetnisflúorkolefna er þannig aðeins heimil hér á landi að því skilyrði uppfylltu að framleiðandanum hafi verið úthlutað heimildum skv. 8. gr. b. Þær heimildir sem nýttar eru til framleiðslu er ekki hægt að nýta aftur til innflutnings.

5. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 48. gr. efnalaga nr. 61/2013.

6. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XIV. kafla efnalaga nr. 61/2013.

7. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

k. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Reglugerðin er birt í fylgiskjali I við þessa reglugerð. Þrátt fyrir 1. másl. öðlast framangreind reglugerð gildi hér á landi með eftirfarandi breytingum:

- 1) Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) kemur textinn: „ári eftir upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn“ í stað textans: „1. janúar 2017“.
- 2) Í staflið c í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) kemur textinn: „ári eftir upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn“ í stað textans: „1. janúar 2017“.
- 3) 14. gr. til 19. gr. og 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) gilda ekki hér á landi.

8. gr.

Við reglugerðina bætast þrjú nýir viðaukar, I-III, sem birtir eru í fylgiskjali II með reglugerð þessari.

9. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. b skal Umhverfisstofnun ákvarða viðmiðunargildi í samræmi við texta sömu málsgreinar, sem notuð verða við úthlutun innflutningsheimilda fyrir 2019, fyrir 1. febrúar 2019.

Þrátt fyrir skilafrest umsókna sem getið er í 2. mgr. 8. gr. b geta fyrirtæki sótt um heimild til innflutnings vetnisflúorkolefna árið 2019 í samræmi við texta sömu málsgreinar til 1. mars 2019.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. desember 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Hugi Ólafsson.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 517/2014**

frá 16. apríl 2014

um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum l. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar vegna rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem Sambandið er aðili að ⁽³⁾, er tekið fram að á grunni fyrirbyggjandi vísindagagna þyrftu þróuð lönd að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80% til 95% miðað við mörkin frá 1990 fyrir 2050 til að takmarka hnattreinar loftslagsbreytingar við hækkun hitastigs sem nemur 2 °C og draga þannig úr óæskilegum áhrifum á loftslag.
- 2) Til að ná þessu markmiði samþykkti framkvæmdastjórnin áætlun um að færast yfir í samkeppnishæft hagkerfi með lítilli kolefnislosun árið 2050, sem ráðið minnst á í niðurstöðum sínum frá 17. maí 2011 og Evrópuþingið studdi í ályktun sinni frá 15. mars 2012. Í þeirri áætlun lagði framkvæmdastjórnin fram kostnaðarhagkvæma leið til að ná fram nauðsynlegri heildarskerðingu á losun innan Sambandsins fyrir 2050. Í áætluninni eru fastsett þau framlög sem þörf er á í tengslum við hvern geira á sex sviðum. Draga ætti úr losun annarra efna en koltvísýrings, þ.m.t. flúoraðra gróðurhúsalofttegunda en að undanskilinni losun á öðrum efnum en koltvísýringi frá landbúnaði, um 72% til 73% fyrir 2030 og um 70% til 78% fyrir 2050, miðað við mörkin frá 1990. Sé miðað við viðmiðunarárið 2005 er þörf á skerðingu á losun annarra efna en koltvísýrings, að undanskildu því sem kemur frá landbúnaði, sem nemur 60% til 61% fyrir 2030. Samkvæmt mati var losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda 90 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings árið 2005. Skerðing upp á 60% þýðir að draga þarf úr losun niður í u.þ.b. 35 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings fyrir 2030. Miðað við áætlaða losun upp á 104 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings árið 2030 á grundvelli beitingar núgildandi löggjafar Sambandsins að fullu er frekari skerðingar um u.þ.b. 70 milljónir tonna af jafngildiseiningum koltvísýrings krafist.
- 3) Niðurstaða skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 26. september 2011 um beitingu, áhrif og nægjanleika reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ⁽⁴⁾ var sú að ef núgildandi afmörkunarráðstöfunum er beitt að fullu geta þær nægt til að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Því ætti að viðhalda umræddum ráðstöfunum og gera þær skýrari á grunni þeirrar reynslu sem hefur fengist við beitingu þeirra. Einnig ætti að rýmka gildissvið tiltekinnar ráðstafana til að ná til annarra tækja sem umtalsvert magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er notað í, s.s. stóra kælifreidda og kælivagna. Skyldan til að koma upp og viðhalda skráum yfir búnað sem inniheldur slíkar lofttegundir ætti einnig að ná til rafknúins rofbúnaðar. Vegna mikilvægis afmörkunarráðstafana við lok endingartíma vara og búnaðar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ættu aðildarríkin að hafa hliðsjón af gildi áætlana um ábyrgð framleiðenda og hvetja til að þeim verði komið á fót á grundvelli fyrirbyggjandi bestu starfsvenja.
- 4) Í þeirri skýrslu var einnig komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að gera meira til að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins, einkum með því að forðast að nota slíkar lofttegundir þegar til er staðgöngutækni sem er örugg og orkunýtin og hefur engin eða minni áhrif á loftslagið. Það er kostnaðarhagkvæmt að draga úr losun um allt að tvo þriðju af losun árið 2010 fyrir árið 2030 þar eð til eru staðfestir og sannprófaðir staðgöngukostir í mörgum geirum.
- 5) Í ályktun Evrópuþingsins frá 14. september 2011 um heildstæða nálgun að annarri losun, sem skiptir máli fyrir loftslagið, af mannavöldum en koltvísýringslosun er skuldbindingu Sambandsins um að styðja við aðgerðir varðandi vetnisflúorkolefni samkvæmt Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (hér á eftir nefnd Montreal-bókunin) fagnað sem fyrirtaks dæmi um nálgun við minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki byggist á því að nota markaðinn. Í þeirri ályktun var einnig kallað eftir því að kanna aðferðir til að stuðla að tafarlausri minnkun á vetnisflúorkolefnum á alþjóðavettvangi í gegnum Montreal-bókunina.
- 6) Til að hvetja til notkunar á tækni sem hefur engin eða minni áhrif á loftslagið ætti hjálfun einstaklinga sem stunda starfsemi sem tengist flúoruðum gróðurhúsalofttegundum að ná til upplýsinga um tækni sem getur komið í staðinn fyrir og dregið úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum. Þar eð tilteknir staðgöngukostir, sem koma í stað flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eru notaðir í vörur og búnað í stað flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og til að draga úr notkun þeirra, geta verið eittraðir, eldfimur eða undir miklum þrýstingi ætti framkvæmdastjórnin að skoða núgildandi löggjöf Sambandsins um hjálfun einstaklinga í öruggri meðhöndlun á öðrum kælimiðlum og, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þeirri löggjöf Sambandsins sem málið varðar.
- 7) Koma ætti upp áætlunum um útgáfu atvinnuskirteina og menntun og hjálfun eða breyta þeim, með tilliti til þeirra sem var komið upp með reglugerð (EB) nr. 842/2006, og þær mætti fella inn í starfsmenntunarkerfin.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 138.⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11).⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tilteknar, flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

- 8) Til að tryggja samræmi við vöktunar- og skýrslugjafarkröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og við ákvörðun 4/CMP.7 frá ráðstefnu aðila sem er jafnframt fundur aðila að Kyoto-bókuninni við rammisamninginn, sem var samþykkt af sjöundu ráðstefnu aðila að rammisamningnum sem kom saman í Durban 11. desember 2011, ætti að reikna hnatthlúnunarmátt með tilliti til 100 ára hnatthlúnunarmáttar eins kíló af lofttegund samanborið við eitt kíló af koltvísýringi. Þegar mögulegt er ætti útreikningurinn að byggjast á fjórðu matskýrslunni sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkti.
- 9) Markviss vöktun á losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda er afar þýðingarmikil fyrir eftirlit með þróun í átt til þess að uppfylla losunarskerðingarmarkmið og til að meta áhrifin af þessari reglugerð. Notkun á samræmdum hágæðagögnum til að tilkynna um losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum er mjög mikilvæg til að tryggja gæði skýrslugjafar um losun. Ef aðildarríkin koma sér upp skýrslugjafarkerfi um losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum myndi það skapa samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013⁽⁵⁾. Gögn um leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr búnaði sem fyrirtæki safna saman samkvæmt þessari reglugerð gætu bætt þessi losunarskýrslugjafarkerfi umtalsvert. Þannig ætti að vera mögulegt að athuga samkvæmni gagnanna sem eru notuð til að leiða út losun og að bæta nálganir sem byggjast á útreikningi og ná þannig fram betra mati á losun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í landsbundnu birgðabókhaldi yfir gróðurhúsalofttegundir.
- 10) Þar eð hentugir staðgöngukostir eru í boði ætti að rýmka gildissvið nügildandi banns við notkun á brennisteinshexaflúoríði við magnesíumsteypu og endurvinnslu á steypu magnesíummalblendi til að ná til starfsstöðva sem nota innan við 850 kg af brennisteinshexaflúoríði á ári. Eins ætti, með viðeigandi umbreytingartímabili, að banna notkun á kælmiðlum með mjög mikinn hnatthlúnunarmátt, 2500 eða meira, til að gera við eða viðhalda kælíbúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira.
- 11) Þegar fyrir liggja hentugir staðgöngukostir fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ætti að innleiða bann við að setja á markað nýjan kæli-, loftræstingar- og eldvarmbúnað, sem inniheldur þessi efni eða virkar fyrir tilstilli þeirra. Skorti staðgöngukosti eða ef ekki er hægt að nýta þá af tæknilegum ástæðum eða öryggisástæðum eða ef notkun á slíkum öðrum valkostum mundi fela í sér óhóflegan kostnað ætti framkvæmdastjórninni að vera mögulegt að heimila undanþágu til að leyfa setningu slíkra vara og búnaðar á markað í takmarkaðan tíma. Í ljósi tæknipróunar í framtíðinni ætti framkvæmdastjórnin enn fremur að meta bann við setningu nýs búnaðar fyrir millispennurofbúnað (e. *medium-voltage secondary switchgear*) og fyrir ný, lítil stakskipt loftræstikerfi á markað.
- 12) Leyfa ætti setningu búnaðar, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, á markað ef heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá þeim búnaði, með tilliti til raunhæfs leka- og endurheimtarhlutfalls, á vistferli hans er minni en mundi koma frá samsvarandi búnaði án flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem hefur þá leyfilegu hámarksorkunotkun sem mælt er fyrir um í viðeigandi framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB⁽⁶⁾. Reglubundin og tímanleg endurskoðun á þessum framkvæmdarráðstöfunum, í samræmi við þá tilskipun, myndi hjálpa til við að tryggja að þessar framkvæmdarráðstafanir haldist skilvirkar og viðeigandi.
- 13) Stigvaxandi skerðing á því magni vetnisflúorkolefna sem setja má á markað hefur verið viðurkennd sem skilvirkasta og kostnaðarhagkvæmasta aðferðin til að draga úr losun þessara efna til lengri tíma.
- 14) Til að framkvæma stigvaxandi skerðingu á því magni vetnisflúorkolefna sem setja má á markað í Sambandinu ætti framkvæmdastjórnin að úthluta kvóta til einstakra framleiðenda og innflytjenda vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, til að ekki sé farið yfir heildarmagnatakmarkunina fyrir setningu vetnisflúorkolefna á markað. Til að viðhalda heildstæði stigvaxandi skerðingar á því magni vetnisflúorkolefna sem sett er á markað ætti að gera grein fyrir vetnisflúorkolefnum í búnaði innan kvótakerfis Sambandsins. Hafi vetnisflúorkolefni í búnaði ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram ætti að krefjast samræmisfirlýsingar til að sanna að viðkomandi vetnisflúorkolefni séu skráð inn í kvótakerfi Sambandsins.
- 15) Til að byrja með ætti að byggja útreikninginn á viðmiðunargildum og úthlutun kvóta til einstakra framleiðenda og innflytjenda á því magni vetnisflúorkolefnis sem þeir tilkynntu að hefði verið sett á markað á viðmiðunartímabilinu frá 2009 til 2012. Hins vegar ætti, til að útløka ekki lítil fyrirtæki, að taka frá 11% af heildarmagnatakmarkuninni fyrir innflytjendur og framleiðendur sem hafa ekki sett á markað 1 tonn eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á viðmiðunartímabilinu.
- 16) Framkvæmdastjórnin ætti, með reglubundnum endurútreikningi á viðmiðunargildunum og kvótanum, að sjá til þess að fyrirtæki fái að halda starfsemi sinni áfram á grunnni meðaltals af því magni sem þau settu á markað á undanförmum árum.
- 17) Framleiðsluferlið fyrir tiltekna flúoraðar lofttegundir getur valdið umtalsverðri losun annarra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem myndast sem aukaafurðir. Það ætti að vera skilyrði fyrir setningu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markað að slíkum losuðum aukaafurðum sé fargað eða þær endurheimtar til síðari notkunar.
- 18) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að til staðar sé miðlæg rafræn skrá til að halda utan um kvóta, vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, og utan um skýrslugjöf, þ.m.t. um búnað sem er settur á markað, einkum þegar búnaðurinn er þegar áfylltur með vetnisflúorkolefnum sem ekki hafa verið sett á markað fyrir áfyllingu og þarfnast því sannprófunar á því að skil séu gerð á magni vetnisflúorkolefnanna samkvæmt kvótakerfi Sambandsins, með samræmisfirlýsingu og síðan með staðfestingu þriðja aðila.
- 19) Til að viðhalda sveigjanleika markaðarins með vetnisflúorkolefni í stórum einingum ætti að vera mögulegt að framselja kvóta, sem úthlutað er á grundvelli viðmiðunargilda, til annars framleiðanda eða innflytjanda innan Sambandsins eða til annars framleiðanda eða innflytjanda sem hefur einn fulltrúa sem kemur fram fyrir hans hönd innan Sambandsins.
- 20) Til að gera kleift að vakta skilvirkni þessarar reglugerðar ætti að rýmka gildissvið nügildandi kvaða um skýrslugjöf til að ná til annarra flúoraðra efna sem hafa umtalsverðan hnatthlúnunarmátt eða eru líkleg til að koma í staðinn fyrir flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar sem skráðar eru í I. viðauka. Af sömu ástæðu ætti einnig að tilkynna um eyðingu flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og innflutning til Sambandsins á þeim lofttegundum þegar þær eru í vörum og búnaði. Setja ætti lágmarksviðmiðunarmörk til að komast hjá óhóflegu stjórnsýsluálagi, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og örfyrirtækjum.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvisu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

- 21) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa uppi stöðuga vöktun á áhrifum af skerðingu á magni vetnisflúorkolefna sem sett eru á markað, þ.m.t. áhrif hennar á framboð að því er varðar búnað þar sem notkun á vetnisflúorkolefnum myndi valda minni losun yfir vistferilinn en ef staðgöngutækni væri notuð. Framkvæmdastjórnin ætti að taka saman skýrslu um framboð vetnisflúorkolefna á markaði innan Sambandsins fyrir árslok 2020. Framkvæmdastjórnin ætti að gera ítarlega úttekt fyrir lok 2022, í tæka tíð til að breyta ákvæðum þessarar reglugerðar, í ljósi framkvæmdar hennar og nýrrar þróunar og alþjóðlegra skuldbindinga og til að leggja til, ef við á, frekari skerðingarráðstafanir.
- 22) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁷⁾.
- 23) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta tilteknum veigalítlum atriðum í þessari reglugerð. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 24) Þar sem þessi tilskipun er samþykkt skv. 1. mgr. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins kemur hún ekki í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða innleiði strangari verndarráðstafanir sem samræmast sáttmálanum. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ráðstafanir skv. 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 25) Þessi reglugerð breytir við efni reglugerðar (EB) nr. 842/2006 sem ætti því að fella niður. Til að tryggja hnökralaus umskipti frá gamla skipulaginu yfir í það nýja þykir hins vegar rétt að kveða á um að reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1493/2007 ⁽⁸⁾, (EB) nr. 1494/2007 ⁽⁹⁾, (EB) nr. 1497/2007 ⁽¹⁰⁾, (EB) nr. 1516/2007 ⁽¹¹⁾, (EB) nr. 303/2008 ⁽¹²⁾, (EB) nr. 304/2008 ⁽¹³⁾, (EB) nr. 305/2008 ⁽¹⁴⁾, (EB) nr. 306/2008 ⁽¹⁵⁾, (EB) nr. 307/2008 ⁽¹⁶⁾ og (EB) nr. 308/2008 ⁽¹⁷⁾ haldi gildi sínu og verði áfram beitt nema og þangað til þær eru felldar niður með framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.
- 26) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þess að í eðli sínu ná þau umhverfisvandamál, sem fjalla á um, yfir landamæri, og vegna áhrifa þessarar reglugerðar á verslun innan Sambandsins og á utanríkisverslun, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Markmiðið með þessari reglugerð er að vernda umhverfið með því að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Til samræmis við það eru með þessari reglugerð:

- settar reglur um afmörkun, notkun, endurheimt og förgun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og um tengdar hliðarráðstafanir,
- sett skilyrði fyrir setningu tiltekinnna vara og búnaðar, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, á markað,
- sett skilyrði fyrir tiltekinni notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og
- settar á magntakmarkanir vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1493/2007 frá 17. desember 2007 um snið skýrslunnar, sem framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur tiltekinnna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skulu leggja fram, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 7).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1494/2007 frá 17. desember 2007 um snið merkimiða og frekari kröfur um merkingar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar vörur og búnað sem innihalda tiltekna, flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 25).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1497/2007 frá 18. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar föst brunavarkerfi sem innihalda tiltekna, flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 4).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1516/2007 frá 19. desember 2007 um staðlaðar kröfur um eftirlit með leka, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna, flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 10).

⁽¹²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 303/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar fastan kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað sem inniheldur tiltekna flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 3).

⁽¹³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 304/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun fyrirtækja og starfsfólks að því er varðar föst brunavarkerfi og slökkviteki sem innihalda tiltekna flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 12).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 305/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna flúoraðra gróðurhúsalofttegundir úr háspennurofbúnaði (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 17).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 306/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottun starfsfólks sem endurheimtir tiltekna leysa, sem í eru flúoraðra gróðurhúsalofttegundir, úr búnaði (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 21).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 307/2008 frá 2. apríl 2008 um að setja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, lágmarkskröfur um menntunaráætlanir og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á staðfestingum vegna þjálfunar starfsfólks að því er varðar loftræstikerfi í tilteknum, vélknúnum ökutækjum sem innihalda tiltekna, flúoraðra gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2008, bls. 25).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 308/2008 frá 2. apríl 2008 um ákvörðun, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, á sniði fyrir tilkynningar um menntunar- og vottunaráætlanir aðildarríkjanna (Stjtið ESB L 92, 3.4.2008, bls. 28).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „flúoraðar gróðurhúsalofttegundir“: vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni, brennisteinshexaflúoríð og aðrar gróðurhúsalofttegundir sem innihalda flúor og eru skráðar í I. viðauka eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,
- 2) „vetnisflúorkolefni“: efnin, sem eru skráð í 1. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,
- 3) „perflúorkolefni“: efnin, sem eru skráð í 2. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda einhver þessara efna,
- 4) „brennisteinshexaflúoríð“: efnið, sem er skráð í 3. þætti I. viðauka, eða blöndur sem innihalda þetta efni,
- 5) „blanda“: vökví sem er samsettur úr tveimur eða fleiri efnum, þar sem minnst eitt efnanna er skráð í I. eða II. viðauka,
- 6) „hnatthlúnunarmáttur“: geta gróðurhúsalofttegundar til að valda loftslagshlúnun samanborið við mátt koltvísýrings, reiknað sem hlúnunarmáttur eins kílógramms af gróðurhúsalofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlúnunarmætti eins kílógramms af koltvísýringi, eins og fram kemur í I., II. og IV. viðauka eða, ef um blöndur er að ræða, reiknað í samræmi við IV. viðauka,
- 7) „tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings“: magn gróðurhúsalofttegunda, gefið upp sem margfeldið af þyngd gróðurhúsalofttegundanna í tonnum og hnatthlúnunarmáttar þeirra,
- 8) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem ber raunverulega ábyrgð á tæknilegri virkni vara og búnaðar sem falla undir þessa reglugerð; aðildarríki getur, við skilgreindar, sérstakar aðstæður, tilnefnt eigandann þannig að hann beri ábyrgð á skuldbindingum rekstraraðilans,
- 9) „notkun“: nýting flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í framleiðslu, til viðhalds eða þjónustu á vörum og búnaði, þ.m.t. enduráfilling, eða nýting þeirra í öðrum ferlum sem um getur í þessari reglugerð,
- 10) „setning á markað“: að afgreiða eða bjóða fram til annars aðila innan Sambandsins í fyrsta skipti, gegn greiðslu eða án endurgjalds, eða, ef um framleiðanda er að ræða, að nota fyrir eigin reikning; nær einnig til tollafgreiðslu í frjálst flæði innan Sambandsins,
- 11) „loftþéttur búnaður“: búnaður þar sem allir hlutar, sem innihalda flúoraða gróðurhúsalofttegund, eru gerðir þéttir með málmsuðu, lóðun eða svipaðri, varanlegri tengingu sem getur m.a. verið þéttir lokar og þétt þjónustutengi (e. *service port*) sem gera kleift að koma við réttum viðgerðum eða fjarlægingu og sem hafa sannreyndan leka sem er minni en 3 grömm á ári við þrýsting sem er a.m.k. fjórðungur af leyfilegum hámarksþrýstingi,
- 12) „ílát“: vara sem er fyrst og fremst hönnuð til þess að flytja í flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða til að geyma þær,
- 13) „einnota ílát“: ílát sem ekki er hægt að enduráfylla án þess að því sé breytt í þeim tilgangi eða sem er sett á markað án þess að gert hafi verið ráð fyrir að því sé skilað til enduráfillingar,
- 14) „endurheimt“: söfnun og geymsla flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr vörum, þ.m.t. ílátum, og búnaði þegar viðhald eða þjónusta fer fram eða áður en vörunni eða búnaðinum er fargað,
- 15) „endurvinnsla“: endurnotkun á endurheimtum, flúoruðum gróðurhúsalofttegundum að loknu grunnhreinisferli,
- 16) „endurnýting“: endurmeðhöndlun endurheimtrar flúoraðrar gróðurhúsalofttegundar til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar,
- 17) „förgun“: ferlið þegar flúoraðri gróðurhúsalofttegund er varanlega umbreytt eða hún brotin niður, að öllu eða mestu leyti, í eitt eða fleiri stöðug efni sem eru ekki flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
- 18) „úreliding“: endanleg stöðvun og fjarlæging úr rekstri eða notkun á vöru eða búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
- 19) „viðgerð“: enduruppbygging skaddaðra eða lekra vara eða búnaðar, sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, sem snýst um hluta þeirra sem inniheldur eða er hannaður til að innihalda slíkar lofttegundir,
- 20) „uppsetning“: tenging tveggja eða fleiri hluta af búnaði eða rásum sem innihalda eða eru hannaðar til að innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, með það fyrir augum að setja saman kerfi á staðnum þar sem það verður notað og sem snýst um að tengja saman leiðara, sem ætlað er að flytja lofttegundir um kerfi, til að fullgera hringrás án tillits til þess hvort fylla þurfi á kerfið eftir samsetningu,
- 21) „viðhald eða þjónusta“: öll starfsemi, að undanskilinni endurheimt í samræmi við 8. gr. og lekaprófun í samræmi við 4. gr. og 10. gr. (b-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar, sem felst í því að rjúfa rásirnar sem innihalda eða eru hannaðar til að innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, einkum til að fylla flúoraðar gróðurhúsalofttegundir á kerfið, fjarlægja einn eða fleiri hluta úr rásinni eða búnaðinum, setja aftur saman tvo eða fleiri hluta úr rásinni eða búnaðinum, sem og að gera við leka,
- 22) „ónotað efni“: efni sem hefur ekki verið notað áður,
- 23) „kyrrstæður“: sem er vanalega ekki á hreyfingu á milli staða í starfrækslu; nær einnig til færanlegra loftæstítækja fyrir herbergi,
- 24) „færanlegur“: sem er vanalega á hreyfingu á milli staða í starfrækslu,
- 25) „einhátta frauð“: frauðsamsetning í stökum úðabrúsa í óhvörfuðu eða hluthvörfuðu vökvaformi, sem þenst út og harðnar þegar hún kemur út úr brúsanum,
- 26) „kælibifreið“: vélknúid ökutæki með massa yfir 3,5 tonnum, sem er hannað og byggt fyrst og fremst til að flytja vörur og er búid kælieiningu,
- 27) „kælivagn“: eftirvagn sem er hannaður og byggður til að vera dreginn af flutningabifreið eða dráttarvél, einkum til að flytja vörur, og er búinn kælieiningu,
- 28) „úðabrúsi til tæknilegra nota“: úðabrúsi sem er notaður í tengslum við viðhald, viðgerðir, hreinsun, prófun, skordýraeyðingu og framleiðslu á vörum og búnaði, uppsetningu á búnaði og til annarra nota,

- 29) „leka greiningarkerfi“: kvarðaður vélbúnaður, rafbúnaður eða rafendabúnaður til að greina leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem lætur rekstraraðilann vita ef leki greinist,
- 30) „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem:
- framleiðir, notar, endurheimtir, safnar saman, endurvinnur, endurnýtir eða fargar flúoruðum gróðurhúsalofttegundum,
 - flytur inn eða út flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörur og búnað sem innihalda slíkar lofttegundir,
 - setur á markað flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða vörur og búnað sem innihalda eða virka fyrir tilstilli slíkra lofttegunda,
 - setur upp, þjónustar, heldur við, gerir við, leitar að lekum eða úreldir búnað sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,
 - er rekstraraðili búnaðar sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,
 - framleiðir, flytur inn, flytur út, setur á markað eða fargar lofttegundum sem skráðar eru í II. viðauka.
 - setur á markað vörur eða búnað sem inniheldur lofttegundir sem skráðar eru í II. viðauka,
- 31) „hráefni“: hvers kyns flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða efni sem eru skráð í II. viðauka sem ummyndast efnafræðilega í ferli þar sem viðkomandi efni gjörbreytast frá upphaflegri samsetningu og losun vegna þeirra verður óveruleg,
- 32) „notkun í viðskiptalegum tilgangi“: nýting til geymslu, sýningar eða skömmtnar á vörum, til sölu til endanlegra notenda, í smásölu og matsölu,
- 33) „brunavarnarbúnaður“: búnaður og kerfi sem eru notuð við varnir gegn bruna eða til að kæfa eld, þ.m.t. slökkvitæki,
- 34) „Rankine-hringrás fyrir lífrænan drifmiðil“: hringrás sem inniheldur þéttanlega flúoraða gróðurhúsalofttegund sem umbreytir varma frá varmagjafa í orku til framleiðslu á raforku eða vélrænni orku,
- 35) „herbúnaður“: vopn, skotfæri og efni til stríðsrekstrar sem eru sérstaklega ætluð til hernaðarnota sem eru nauðsynleg til að vernda grunnöryggishagsmuni aðildarríkja,
- 36) „rafknúinn rofbúnaður“: rofbúnaður og samsetningar hans með tengdum stýri-, mæli-, verndar- og stillibúnaði og samsetningar slíkra tækja og búnaðar með tengdum samtenglum, aukabúnaði, umlykjum og stoðvirkjum, ætlað til notkunar í tengslum við framleiðslu, flutning, dreifingu og umbreytingu á raforku,
- 37) „miðlæg fjölpjöppukælikerfi“ (e. *multipack centralised refrigeration systems*): kerfi með tveimur eða fleiri þjöppum sem eru keyrðar samhliða og eru tengdar við einn eða fleiri sameiginlega þetta og tiltekinn fjölda kælitækja, s.s. útstillingaskápa, skápa, frysta eða kæligeymslur,
- 38) „ytri kælrás keðjutengdra kerfa“ (e. *primary refrigerant circuit of cascade systems*): ytri rásin í óbeinum millihitakerfum þar sem tvær eða fleiri kælrásir eru raðtengdar þannig að ytri rásin tekur til sín varmann frá þéttinum í innri rás fyrir millihitann,
- 39) „stakskipt loftfræstikerfi“ (e. *single split air conditioning systems*): kerfi til loftfræstingar í herbergjum sem samanstanda af einni einingu utandyra og annarri innandyra sem eru tengdar saman með kælihlögnum og þarf að setja upp á notkunarstað.

II. KAFLI AFMÖRKUN

3. gr.

Forvarnir gegn losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda

- Losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið af ásetningi skal vera bönnuð þegar losunin er ekki tæknilega nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar notkunar.
- Rekstraraðilar búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir óviljandi losun (leka) þessara lofttegunda. Þeir skulu gera allar ráðstafanir sem eru tæknilega og efnahagslega mögulegar til að lágmarka leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.
- Þegar leki flúoraðra gróðurhúsalofttegunda uppgötvast skulu rekstraraðilar sjá til þess að gert sé við búnaðinn án ótilhlýðilegrar tafar.

Þegar búnaður er lekaþróaður skv. 1. mgr. 4. gr. og gert hefur verið við leka úr búnaðinum skulu rekstraraðilarnir sjá til þess að vottaður einstaklingur skoði búnaðinn innan eins mánaðar frá viðgerðinni til að staðfesta að viðgerðin hafi heppnast.

- Einstaklingar sem framkvæma þau verkefni sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 10. gr. skulu hafa vottun í samræmi við 4. og 7. mgr. 10. gr. og skulu þeir gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

Fyrirtæki sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr., skulu hafa vottun í samræmi við 6. og 7. mgr. 10. gr. og skulu þau gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

4. gr.

Lekaprófanir

- Rekstraraðilar búnaðar sem inniheldur 5 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum sem eru ekki bundnar í frauði skulu sjá til þess að búnaðurinn sé lekaþróaður.

Loftþéttur búnaður, sem inniheldur minna en 10 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, skal ekki sæta lekaþrófunum samkvæmt þessari grein, að því tilskildu að búnaðurinn sé merktur sem loftþéttur.

Rafknúinn rofbúnaður skal ekki sæta lekaþrófunum samkvæmt þessari grein, að því tilskildu að hann uppfylli eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þróað lekahlutfall frá honum er undir 0,1% á ári, eins og kemur fram í tækniforskrift framleiðandans, og hann er merktur í samræmi við það,
- hann er búinn þrýsti- eða þéttleikavöktunarbúnaði eða

- c) hann inniheldur minna en 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda um rekstraraðila eftirfarandi búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir:
- kyrrstæðs kælibúnaðar,
 - kyrrstæðs loftræstibúnaðar,
 - kyrrstæðra varmadæla,
 - kyrrstæðs brunavarnarbúnaðar,
 - kælieininga í kælibifreiðum og kælivögnum,
 - rafknúins rofbúnaðar,
 - Rankine-hringrása fyrir lífræna drifmiðla.
- Að því er varðar búnaðinn sem um getur í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skulu prófanir gerðar af einstaklingum sem hafa vottun í samræmi við reglurnar sem kveðið er á um í 10. gr.
- Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr. skal búnaður, sem inniheldur innan við 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, eða lofþéttur búnaður, sem er merktur í samræmi við það og inniheldur innan við 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, ekki sæta lekaprófunum fram til 31. desember 2016.
3. Lekaprófanir skv. 1. mgr. skulu gerðar með eftirfarandi tíðni:
- með minnst 12 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 5 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, en minna en 50 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings; eða með minnst 24 mánaða millibili ef lekaþrengingarkerfi er sett upp,
 - með minnst 6 mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 50 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, en minna en 500 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings; eða með minnst 12 mánaða millibili ef lekaþrengingarkerfi er sett upp,
 - með minnst þriggja mánaða millibili ef innihald búnaðarins af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum samsvarar 500 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira, eða með minnst sex mánaða millibili ef lekaþrengingarkerfi er sett upp.
4. Líta skal svo á að skuldbindingarnar í 1. mgr. vegna brunavarnarbúnaðar, sem um getur í d-lið 2. mgr., séu uppfylltar ef eftirfarandi tvö skilyrði eru uppfyllt:
- gildandi eftirlitsáætlun uppfyllir staðlana ISO 14520 eða EN 15004 og
 - brunavarnarbúnaðurinn er skoðaður eins oft og krafist er skv. 3. mgr.
5. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, tiltekið kröfur varðandi lekaprófanir í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar fyrir hverja gerð búnaðar sem um getur í þeirri málsgrein, aukkennt þá hluta búnaðarins sem líklegastir eru til að leka og fellt niður gerðir sem eru samþykktar skv. 7. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

5. gr.

Lekageiningarkerfi

- Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr. og inniheldur 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, skulu sjá til þess að í búnaðinum sé lekaþrengingarkerfi sem varar rekstraraðilann eða þjónustufyrirtæki við leka.
- Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í f- og g-lið 2. mgr. 4. gr. og inniheldur 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og er settur upp 1. janúar 2017 eða síðar, skulu sjá til þess að í þessum búnaði sé lekaþrengingarkerfi sem varar rekstraraðilann eða þjónustufyrirtæki við leka.
- Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í a- til d-lið og g-lið 2. mgr. 4. gr. og sem fellur undir 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, skulu sjá til þess að lekaþrengingarkerfi séu skoðuð með minnst 12 mánaða millibili til að tryggja að þau virki sem skyldi.
- Rekstraraðilar búnaðarins, sem er talinn upp í f-lið 2. mgr. 4. gr. og sem fellur undir 2. mgr. þessarar greinar, skulu sjá til þess að lekaþrengingarkerfi séu skoðuð með minnst 6 ára millibili til að tryggja að þau virki sem skyldi.

6. gr.

Skrárhald

- Rekstraraðilar búnaðar, sem krafist er að sé lekaprófaður skv. 1. mgr. 4. gr., skulu koma sér upp og viðhalda skrár fyrir sérhvern hluta slíks búnaðar þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:
 - magn og tegund flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru settar upp,
 - magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er bætt við í uppsetningu, við viðhald eða þjónustu eða vegna leka,
 - hvort magn uppsettra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda hefur verið endurnið eða endurnýtt, ásamt heiti og heimilisfangi endurvinnslu- eða endurheimtarstöðvarinnar og, þegar við á, númer starfsleyfisfiskirteinis þess,
 - magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er endurheimt,
 - aðkenni fyrirtækisins sem setti upp, þjónustaði, hélt við og, ef við á, gerði við eða úrelti búnaðinn, þ.m.t., ef við á, númer starfsleyfisfiskirteinis þess,
 - dagsetningar prófana sem voru gerðar skv. 1. til 3. mgr. 4. gr. og niðurstöður þeirra,
 - ef búnaðurinn var úreltur: hvaða ráðstafanir voru gerðar til að endurheimta og farga flúoruðu gróðurhúsalofttegundunum.
- Ef skrárnar, sem um getur í 1. mgr., eru ekki geymdar í gagnagrunni sem lögbær yfirlit aðildarríkjanna koma á fót gilda eftirfarandi reglur:
 - rekstraraðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu geyma skrárnar, sem um getur í þeirri málsgrein, í minnst fimm ár,
 - fyrirtæki sem stunda starfsemi, sem um getur í e-lið 1. mgr., fyrir rekstraraðila skulu geyma afrit af skránum, sem um getur í 1. mgr., í minnst fimm ár.

Skrárnar, sem um getur í 1. mgr., skulu, sé þess óskað, gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórninni. Að því marki sem slíkar skrár innihalda umhverfisupplýsingar skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB⁽¹⁸⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006⁽¹⁹⁾ gilda, eftir því sem við á.

3. Að því er varðar 4. mgr. 11. gr. skulu fyrirtæki sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir koma sér upp skrár með viðeigandi upplýsingum um kaupendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) skírteinisnúmer kaupendanna og
- b) viðkomandi keypt magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum.

Fyrirtækin sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu viðhalda þessum skrár í minnst fimm ár.

Fyrirtækin sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu, sé þess óskað, gera slíkar skrár aðgengilegar lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis eða framkvæmdastjórninni. Að því marki sem skrár innihalda umhverfisupplýsingar skulu ákvæði tilskipunar 2003/4/EB eða reglugerðar 1367/2006 gilda, eftir því sem við á.

4. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerð, ákveðið snið skrána sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar og tilgreint hvornig þeim skuli komið á fót og haldið við. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

7. gr.

Losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í tengslum við framleiðslu

1. Framleiðendur flúoraðra efnasambanda skulu gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að takmarka losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, eftir því sem framast er unnt, í:

- a) framleiðslu,
- b) flutningum og
- c) geymslu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig þegar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eru framleiddar sem aukaafurðir.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 11. gr. skal setning flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og lofttegunda, sem taldar eru upp í II. viðauka, á markað vera bönnuð nema, ef við á, framleiðendur eða innflytjendur leggi fram sannanir, þegar slík setning á markað fer fram, fyrir því að tríflluormetani, sem er framleitt sem aukaafurð í framleiðsluferlinu, þ.m.t. við framleiðslu á hráefni til framleiðslu þeirra, hafi verið fargað eða það endurheimt til síðari nota, í samræmi við bestu fánalegu tækni.

Krafa þessi gildir frá 11. júní 2015.

8. gr.

Endurheimt

1. Rekstraraðilar kyrrstæðs búnaðar eða kælieininga í kælibifreiðum og kælivögnum sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru ekki bundnar í frauði skulu sjá til þess að endurheimt þessara lofttegunda sé framkvæmd af einstaklingum, sem hafa viðeigandi skírteini sem kveðið er á um í 10. gr., þannig að þessar lofttegundir séu endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað.

Þessi skylda nær til rekstraraðila alls eftirfarandi búnaðar:

- a) kælírása í kyrrstæðum kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði,
- b) kælírása í kæliciningum í kælibifreiðum og kælivögnum,
- c) kyrrstæðs búnaðar sem inniheldur leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
- d) kyrrstæðs brunavarnarbúnaðar,
- e) kyrrstæðs rafknúins rofbúnaðar.

2. Síðasta fyrirtækið sem notar ílát undir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir áður en því er fargað skal sjá til þess að gasleifar sem í því eru séu endurheimtar til að tryggjast sé að þær verði endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað.

3. Rekstraraðilar vara og búnaðar sem ekki eru talin upp í 1. mgr., þ.m.t. færanlegs búnaðar, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu skipuleggja endurheimt lofttegundanna, að því marki sem það er tæknilega mögulegt og felur ekki í sér óhófligan kostnað, sem skal framkvæmd af einstaklingum sem hafa tilskilin réttindi og hæfi, þannig að þær séu endurunnar, endurnýttar eða þeim fargað, eða þeir skulu skipuleggja eyðingu þeirra án undangenginnar endurheimtar.

Endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem eru utan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB⁽²⁰⁾ skal framkvæmd af einstaklingum sem hafa tilskilin réttindi og hæfi.

Að því er varðar endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/40/EB skulu einungis einstaklingar, sem hafa a.m.k. þjálfunartöð í samræmi við 2. mgr. 10. gr., teljast búa yfir tilskildum réttindum og hæfi.

9. gr.

Ábyrgðarkerfi fyrir framleiðendur

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

Með fyrirvara um gildandi löggjöf Sambandsins skulu aðildarríkin hvetja til þróunar á ábyrgðarkerfum fyrir framleiðendur vegna endurheimtar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og endurvinnslu þeirra, endurnýtingar eða fögunar.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt fyrstu málsgrein.

10. gr.

Menntun og þjálfun og útgáfa atvinnuskírteina

1. Aðildarríkin skulu, á grunni lágmarkskrafa sem um getur í 5. mgr., koma á fót eða breyta kerfum til útgáfu atvinnuskírteina, þ.m.t. matsferlum. Aðildarríkin skulu sjá til þess að menntun og þjálfun séu í boði fyrir einstaklinga sem framkvæma eftirfarandi verk:
 - a) uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins sem er talinn upp í a- til f-lið 2. mgr. 4. gr.,
 - b) lekaprófanir á búnaðinum sem um getur í a- til e-lið 2. mgr. 4. gr., eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.,
 - c) endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.
 2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í boði séu menntunar- og þjálfunaráætlanir fyrir einstaklinga sem annast endurheimt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda úr loftræstibúnaði í ökutækjum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2006/40/EB, á grundvelli lágmarkskrafnanna sem um getur í 5. mgr.
 3. Áætlanir um útgáfu atvinnuskírteina og menntunina og þjálfunina sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skulu ná til eftirfarandi atriða:
 - a) viðeigandi reglugerða og tækniáðla,
 - b) forvarnarstarfs gegn losun,
 - c) endurheimtar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,
 - d) öryggis í meðhöndlun búnaðar af þeirri tegund og stærð sem skirteinið nær til,
 - e) upplýsinga um viðeigandi tækni sem á að koma í staðinn fyrir eða draga úr notkun á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og örugga meðhöndlun.
 4. Skirteini, samkvæmt áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu sæta því skilyrði að umsækjandinn hafi staðist matsferli sem komið var á fót í samræmi við 1., 3. og 5. mgr.
 5. Lágmarkskröfurnar vegna áætlana um útgáfu atvinnuskírteina eru þær sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 303/2008 til (EB) nr. 306/2008 og í 12. mgr. Lágmarkskröfurnar vegna menntunar- og þjálfunartvöttoða eru þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 307/2008 og í 12. mgr. Í þeim lágmarkskröfum skal tiltaka, fyrir hverja tegund búnaðar sem um getur í 1. og 2. mgr., þá hagnýtu færni og fræðilegu þekkingu, eftir því sem við á, sem krafist er, og greina á milli mismunandi starfsemi sem skal fjalla um, ásamt skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu atvinnuskírteina og menntunar- og þjálfunartvöttoða.
 6. Aðildarríkin skulu setja á stofn eða aðlaga áætlanir um útgáfu atvinnuskírteina á grundvelli lágmarkskrafnanna, sem um getur í 5. mgr., til fyrirtækja sem annast uppsetningu, þjónustu, viðhald, viðgerðir eða úreldingu búnaðarins, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 4. gr., fyrir aðra aðila.
 7. Gildandi skirteini og menntunar- og þjálfunartvöttoð sem eru gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 842/2006 skulu halda gildi sínu í samræmi við þau skilyrði sem upphaflega voru sett fyrir útgáfu þeirra.
 8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir einstaklingar, sem hafa atvinnuskirteini samkvæmt áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina sem kveðið er á um í 1. og 7. mgr., hafi aðgang að upplýsingum varðandi hvert eftirfarandi atriða:
 - a) tækni sem um getur í e-lið 3. mgr. og
 - b) fyrirliggjandi kröfur samkvæmt reglum um vinnu með búnað sem inniheldur kælimiðla sem koma í staðinn fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.
 9. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í boði sé menntun og þjálfun fyrir einstaklinga sem vilja uppfæra þekkingu sína í tengslum við þau atriði sem um getur í 3. mgr.
 10. Aðildarríkin skulu vera búin að tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlanir sínar um útgáfu atvinnuskírteina og menntunar- og þjálfunaráætlanir sínar fyrir 1. janúar 2017.
- Aðildarríkin skulu viðurkenna atvinnuskirteini og menntunar- og þjálfunartvöttoð sem eru gefin út í öðru aðildarríki í samræmi við þessa grein. Þau skulu ekki hefta frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétt vegna þess að skirteini var gefið út í öðru aðildarríki.
11. Öll fyrirtæki sem fá öðrum fyrirtækjum verkefni sem um getur í 1. mgr. skulu gera réttmætar ráðstafanir til að fullvissa sig um að hin síðarnefndu hafi tilskilin atvinnuskirteini, sem krafist er samkvæmt þessari grein, til að framkvæma þau verkefni.
 12. Ef það virðist nauðsynlegt, vegna beitingar ákvæða þessarar greinar, að kveða á um samhæfðari nálgun við menntun og þjálfun og útgáfu atvinnuskírteina skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, breyta lágmarkskröfum um hæfni og þekkingu sem fjalla skal um og uppfæra þær, tilgreina skipulag útgáfu skírteina eða tvöttoða og skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu og fella niður gerðir sem voru samþykktar skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr. Þegar framkvæmdastjórnin beitir því valdi sem henni er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal hún taka tillit til fyrirliggjandi áætlana um menntun og hæfi eða vottunaráætlana, sem málið varða.
 13. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið tilkynningarinnar sem um getur í 10. mgr. þessarar greinar og getur fellt úr gildi gerðir sem voru samþykktar í samræmi við 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.
 14. Í tilvikum þegar skuldbinding samkvæmt þessari grein sem varðar útgáfu atvinnuskírteina og menntun og þjálfun myndi leggja óhóflugar byrðar á aðildarríki vegna fámennis og skorts á eftirspurn eftir slíkri menntun og þjálfun og skirteinaútgáfu sem af því leiðir má ná fram reglufylgni með viðurkenningu atvinnuskírteina sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum.
- Aðildarríki sem beita þessari málsgrein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það og hún skal tilkynna hinum aðildarríkjunum það.
15. Ekkert í þessari grein skal hindra aðildarríki í því að koma á fót frekari áætlunum um útgáfu atvinnuskírteina og menntun og þjálfun að því er varðar annan búnað en þann sem um getur í 1. mgr.

III. KAFLI

SETNING Á MARKAÐ OG TAKMARKANIR Á NOTKUN

11. gr.

Takmarkanir á setningu á markað

1. Setning á markað á vörum og búnaði sem eru talin upp í III. viðauka, með undanþágu fyrir herbúnað, skal vera bönnuð frá og með þeirri dagsetningu sem tilgreind er í þeim viðauka, aðgreint, eftir atvikum, samkvæmt tegund eða hnatthlýnunarmætti flúoruðu gróðurhúsalofttegundarinnar sem þau innihalda.
2. Bannið sem er sett fram í 1. mgr. skal ekki gilda um búnað sem búið er að staðfesta, í visthönnunarkröfum sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 2009/125/EB, að muni losa, vegna meiri orkunýtni í rekstri, minna magn jafngildiseininga koltvísýrings á vistferli sínum en samsvarandi búnaður sem uppfyllir viðeigandi visthönnunarkröfur og inniheldur ekki vetnisflúorkolefni.
3. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og með tilliti til markmiðanna með þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin, í sérstökum undantekningartilvikum, með framkvæmdargerðum, heimilað undanþágu í allt að fjögur ár til að leyfa setningu á markað á vöru og búnaði sem eru talin upp í III. viðauka og innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, ef sýnt er fram á að:
 - a) ekki séu til staðgöngukostir fyrir tiltekna vöru eða búnað eða fyrir tiltekinn vöruflokk eða flokk búnaðar eða þeir séu ónothæfir af tæknilegum ástæðum eða vegna öryggis eða
 - b) notkun á tæknilega mögulegum og öruggum staðgöngukostum myndi fela í sér óhóflegan kostnað.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

4. Að því er varðar uppsetningu, þjónustu, viðhald eða viðgerðir á búnaðinum, sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða virkar fyrir tilstilli þessara lofttegunda og sem krafist er atvinnuskirteinis eða vottorðs fyrir skv. 10. gr., skulu flúoraðar gróðurhúsalofttegundir einungis seldar til og keyptar af fyrirtækjum sem hafa viðeigandi skirteini eða vottorð í samræmi við 10. gr. eða af fyrirtækjum þar sem starfa einstaklingar sem hafa atvinnuskirteini eða menntunar- eða þjálfunarvottorð í samræmi við 10. gr. (2. og 5. mgr.). Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki sem ekki hafa tilskilin skirteini og framkvæma ekki þau verk sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar safni saman, flytji eða afhendi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

5. Búnaður sem er ekki loftþéttur og er fylltur af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum skal einungis seldur til endanlegs notanda ef sannanir eru lagðar fram fyrir því að uppsetningin verði framkvæmd af fyrirtæki sem hefur skirteini í samræmi við 10. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal safna saman, á grunni fyrirliggjandi gagna frá aðildarríkjunum, upplýsingum um innlenda kóða, staðla eða löggjöf aðildarríkja um staðgöngutækni sem nýtir aðra kosti en flúoraðar gróðurhúsalofttegundir í búnað til kælingar, lofttræstingar og varmadælingar og í frauð.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út samantektarskýrslu um upplýsingarnar, sem er safnað saman samkvæmt fyrstu undirgrein, fyrir 1. janúar 2017.

12. gr.

Merkingar og upplýsingar um vörur og búnað

1. Vörur og búnaður sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skulu ekki sett á markað án merkinga. Þetta gildir einungis um:
 - a) kælibúnað,
 - b) lofttræstibúnað,
 - c) varmadælur,
 - d) brunavarnarbúnað,
 - e) rafknúinn rofbúnað,
 - f) úðabrúsa sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, að undanskildum innúðaskömmturum til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum,
 - g) öll ílát undir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
 - h) leysa sem í eru flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
 - i) Rankine-hringrásir fyrir lífræna drifmiðla.
2. Vörur eða búnaður sem veitt er undanþága fyrir skv. 3. mgr. 11. gr. skal merktur til samræmis við það og á honum skal koma fram vísun til þess að þessar vörur eða búnað megi einungis nota í þeim tilgangi sem undanþága var veitt fyrir samkvæmt þeirri grein.
3. Á merkimiðanum, sem krafist er skv. 1. mgr., skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) vísun til þess að varan eða búnaðurinn innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða að hann virki fyrir tilstilli þeirra,
 - b) viðurkennd iðnaðartilgreining fyrir þær flúoruðu gróðurhúsalofttegundir sem um ræðir eða, ef slík tilgreining er ekki fyrir hendi, efnafraðilega heitið,
 - c) frá 1. janúar 2017: magnið sett fram í þyngd og sem jafngildiseiningar koltvísýrings af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í vörunni eða búnaðinum eða magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem búnaðurinn er hannaður fyrir og hnatthlýnunarmáttur umræddra lofttegunda.
- Á merkimiðanum, sem krafist er skv. 1. mgr., skulu, þegar við á, tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:
 - a) vísun til þess að flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar séu inni í loftþéttum búnaði,
 - b) vísun til þess að prófað lekahlutfall frá rafknúna rofbúnaðinum sé undir 0,1% á ári, eins og kemur fram í tækniforskrift framleiðandans.
4. Merkimiðinn skal vera auðlæsilegur og óafmáanlegur og skal settur annaðhvort:
 - a) til hliðar við þjónustuop til áfyllingar eða endurheimtar á flúoruðu gróðurhúsalofttegundinni eða
 - b) á þann hluta vörunnar eða búnaðarins sem inniheldur flúoruðu gróðurhúsalofttegundina.

Merkimiðinn skal vera á opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem setning á markað á að fara fram.

5. Frauð og forblönduð fjölkóhól sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu ekki sett á markað nema flúoruðu gróðurhúsalofttegundirnar séu auðkenndar með merkimiða með viðurkenndri iðnaðartilgreiningu eða, ef engin slík tilgreining er fyrir hendi, efnafraðilega heitinu. Á miðanum skal koma skýrt fram að frauðið eða forblandaða fjölkóhólið innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Ef um frauðplötur er að ræða skulu þessar upplýsingar koma fram með skýrum og óafmáanlegum hætti á plötunum.
6. Endurnýttar eða endurunnar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu merktar með tilgreiningu um að efnið hafi verið endurnýtt eða endurunið, upplýsingum um lotunúmer ásamt heiti og heimilisfangi starfsstöðvarinnar þar sem endurnýting eða endurvinnsla fór fram.
7. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til förgunar skulu merktar með tilgreiningu um að innihaldi ílátsins megi einungis farga.
8. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til beins útflutnings skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis flytja beint út.
9. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til notkunar í herbúnað skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í herbúnað.
10. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til ætingar á hálfleiðandi efnum eða til að hreinsa klefa sem eru notaðir til efnafraðilegrar einhúðunar í hálfleiðaraframleiðslugeiranum skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í þeim tilgangi.
11. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til notkunar sem hráefni skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota sem hráefni.
12. Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru settar á markað til að framleiða innúðaskammtara til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum skulu merktar með tilgreiningu um að innihald ílátsins megi einungis nota í þeim tilgangi.
13. Upplýsingarnar sem um getur í 3. og 5. mgr. skulu koma fram í notendahandbókum fyrir viðkomandi vörur og búnað. Ef um er að ræða vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnarmátt upp á 150 eða meira skulu þessar upplýsingar einnig koma fram í lýsingum sem eru notaðar í auglýsingaskyni.
14. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið merkimiðanna sem um getur í 1. mgr. og 4. til 12. mgr. og getur fellt niður gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.
15. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. til að breyta kröfunum um merkingar, sem settar eru fram í 4. til 12. mgr., þegar það á við með tilliti til þróunar á sviði viðskipta eða tækni.

13. gr.

Takmarkanir á notkun

1. Bannað skal að nota brennisteinshexaflúoríð í magnesíumsteypu og í endurvinnslu á steypu magnesíummálmblendi. Að því er varðar stöðvar sem nota minna en 850 kg af brennisteinshexaflúoríði á ári við magnesíumsteypu og endurvinnslu á steypu magnesíummálmblendi skal þetta bann einungis gilda frá 1. janúar 2018.
 2. Bannað skal að nota brennisteinshexaflúoríð til að fylla hjólbarða ökutækja.
 3. Frá 1. janúar 2020 skal bannað að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnarmátt upp á 2500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira. Þessi málsgrein skal ekki ná til herbúnaðar eða búnaðar sem er ætlaður í tækjabúnað sem er hannaður til að kæla vörur niður fyrir -50 °C. Bannið sem um getur í fyrstu undirgrein gengur ekki í gildi fyrir eftirfarandi flokka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda fyrr en 1. janúar 2030:
 - a) endurnýttar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnarmátt upp á 2500 eða meira, sem eru notaðar til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að því tilskildu að þær hafi verið merktar í samræmi við 6. mgr. 12. gr.,
 - b) endurunnar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlýnarmátt upp á 2500 eða meira, sem eru notaðar til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að því tilskildu að þær hafi verið endurheimtar úr slíkum búnaði. Slíkar endurunnar lofttegundir má einungis nota hjá fyrirtækinu sem annaðist endurheimt þeirra sem þátt í viðhaldi eða þjónustu eða hjá fyrirtækinu sem endurheimtin var gerð hjá sem hluti af viðhaldi eða þjónustu.
- Bannið sem um getur í fyrstu undirgrein gildir ekki um kælibúnað sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 11. gr.

14. gr.

Fyrirframáýlling búnaðar með vetnisflúorkolefnum

1. Frá 1. janúar 2017 skal ekki setja á markað búnað sem er áfylltur með vetnisflúorkolefnum og ætlaður til kælingar, loftræstingar eða varmadælingar nema gerð sé grein fyrir vetnisflúorkolefnum, sem dælt er á búnaðinn, í kvótakerfinu sem um getur í IV. kafla.
2. Þegar fyrirframáýlltur búnaður, sem um getur í 1. mgr., er settur á markað skulu framleiðendur og innflytjendur búnaðarins sjá til þess að það sé að fullu skráð að farið hafi verið að ákvæðum 1. mgr. og skulu þeir fylla út samræmisýfirlýsingu þar að lútandi. Hafi vetnisflúorkolefni í búnaði ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram skulu innflytjendur þess búnaðar sjá til þess, fyrir 31. mars ár hvert frá og með 1. janúar 2018, að nákvæmni skjalfestingar og samræmisýfirlýsingar fyrir almanaksárið á undan sé staðfest af óháðum endurskoðanda. Endurskoðandinn skal annaðhvort:

- a) hafa vottun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²¹⁾ eða
- b) vottun til að staðfesta reikninga í samræmi við lög hlutaðeigandi aðildarríkis.

Framleiðendur og innflytjendur búnaðar sem um getur í 1. mgr. skulu geyma skjölin og samræmisýfirlýsinguna í minnst fimm ár eftir að búnaðurinn er settur á markað. Innflytjendur búnaðar, sem setja á markað búnað sem er fyrirframáfylltur, skulu, hafi vetnisflúorkolefni í búnaðinum ekki verið sett á markað áður en búnaðurinn var áfylltur, sjá til þess að þau séu skráð skv. e-lið 1. mgr. 17. gr.

3. Með því að útfylla samræmisýfirlýsingu skulu framleiðendur og innflytjendur búnaðar sem um getur í 1. mgr. axla ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum 1. og 2. mgr.
4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákveða nákvæmt fyrirkomulag varðandi samræmisýfirlýsinguna og staðfestingu óháða endurskoðandans sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

IV. KAFLI

SKERÐING Á MAGNI VETNISFLÚORKOLEFNA SEM SETT ER Á MARKAÐ

15. gr.

Skerðing á magni vetnisflúorkolefna sem sett er á markað

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að það magn vetnisflúorkolefna sem framleiðendur og innflytjendur hafa rétt til að setja á markað innan Sambandsins ár hvert sé ekki meira en hámarks magnið fyrir umrætt ár, reiknað í samræmi við V. viðauka.

Framleiðendur og innflytjendur skulu sjá til þess að það magn vetnisflúorkolefna, sem er reiknað í samræmi við V. viðauka, sem hver þeirra setur á markað sé ekki meira en nemur þeim kvóta sem hverjum þeirra er úthlutað skv. 5. mgr. 16. gr. eða framseldur til þeirra skv. 18. gr.

2. Þessi grein gildir ekki um þá sem framleiða eða flytja inn minna en 100 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings af vetnisflúorkolefnum á ári.

Eins gildir þessi grein ekki um eftirfarandi flokka vetnisflúorkolefna:

- a) vetnisflúorkolefni sem eru flutt inn til Sambandsins til förgunar,
- b) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi notar sem hráefni eða framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækja til notkunar sem hráefni,
- c) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækja til útflutnings út fyrir Sambandið ef umrædd vetnisflúorkolefni eru ekki síðan boðin fram til einhvers annars aðila innan Sambandsins áður en þau eru flutt út,
- d) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til notkunar í herbúnað,
- e) vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækis sem notar þau til ætingar á hálfleiðandi efni eða til að hreinsa klefa sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,
- f) frá og með 1. janúar 2018: vetnisflúorkolefni sem framleiðandi eða innflytjandi afhendir beint til fyrirtækis sem framleiðir innúðaskammtara til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum.

3. Þessi grein og 16., 18. 19. og 25. gr. gilda einnig um vetnisflúorkolefni í forblönduðum fjölkóhólum.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og með tilliti til markmiðanna með þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin, í sérstökum undantekningartilvikum, með framkvæmdargerðum, heimilað undanþágu í allt að fjögur ár til að undan-skilja frá kvótakröfunni, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., vetnisflúorkolefni til notkunar í sérstökum tilgangi eða sérstaka flokka vara eða búnaðar, ef sýnt er fram á að:

- a) ekki séu til staðgöngukostir fyrir þessa tilteknu notkun, vöru eða búnað eða þeir séu ónothæfir af tæknilegum ástæðum eða vegna öryggis og
- b) ekki sé hægt að tryggja nægjanlegt magn vetnisflúorkolefna án óhóflegs kostnaðar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

16. gr.

Úthlutun á kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað

1. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, fyrir 31. október 2014 ákvarða fyrir hvern framleiðanda eða innflytjanda, sem hefur lagt fram gögn skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, viðmiðunargildi á grundvelli ársmeðaltals af því magni vetnisflúorkolefna sem framleiðandinn eða innflytjandinn tilkynnti að hann hefði sett á markað frá 2009 til 2012. Viðmiðunargildin skulu reiknuð í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

2. Framleiðendur og innflytjendur sem hafa ekki tilkynnt um setningu vetnisflúorkolefna á markað skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006, fyrir viðmiðunartímabilið sem um getur í 1. mgr., geta lýst yfir áformum sínum um að setja vetnisflúorkolefni á markað árið eftir.

Yfirlýsingunni skal beint til framkvæmdastjórnarinnar og í henni skal tiltaka tegundir vetnisflúorkolefna og magn hverrar þeirra sem búist er við að verði sett á markað.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út tilkynningu um frest til að leggja fram þessar yfirlýsingar. Áður en lögð er fram yfirlýsing skv. 2. og 4. mgr. þessarar greinar skulu fyrirtæki skrá sig í skrána sem kveðið er á um í 17. gr.

3. Fyrir 31. október 2017 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin endurreikna viðmiðunargildin fyrir framleiðendurna og innflytjendurna, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, á grundvelli ársmeðaltals þess magns af vetnisflúorkolefnum

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Sjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

sem er löglega sett á markað frá 1. janúar 2015, eins og greint er frá skv. 19. gr. fyrir þau ár sem upplýsingar eru til um. Framkvæmdastjórnin skal ákveða þessi viðmiðunargildi með framkvæmdargerðum.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

4. Framleiðendur og innflytjendur sem viðmiðunargildi hafa verið ákveðin fyrir geta lagt fram yfirlýsingu um viðbótarmagn sem reiknað er með, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal úthluta kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað til hvers framleiðanda og innflytjanda fyrir hvert ár frá og með 2015 og beita við það úthlutunarfyrrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

Einungis skal úthluta kvóta til framleiðenda eða innflytjenda sem hafa staðfestu innan Sambandsins eða sem hafa tilnefnt einn fulltrúa, sem hefur staðfestu innan Sambandsins, til að fara að kröfunum í þessari reglugerð. Þessi eini fulltrúi getur verið sá sami og er tilnefndur skv. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽²²⁾.

Fulltrúinn eini skal hlíta öllum skuldbindingum framleiðenda og innflytjenda samkvæmt þessari reglugerð.

17. gr.

Skrá

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2015, koma á fót rafrænni skrá (hér á eftir nefnd skráin) yfir kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað og tryggja rekstur hennar.

Skráning í skrána er skyldubundin fyrir eftirfarandi aðila:

- framleiðendur og innflytjendur sem hefur verið úthlutað kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað í samræmi við 5. mgr. 16. gr.,
- fyrirtæki sem kvóti er framseldur til í samræmi við 18. gr.,
- framleiðendur og innflytjendur sem lýsa yfir fyrirætlun sinni um að leggja fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.,
- framleiðendur og innflytjendur sem afhenda vetnisflúorkolefni, eða fyrirtæki sem taka við þeim, í þeim tilgangi sem er talinn upp í a- til f-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 15. gr.,
- innflytjendur búnaðar, sem setja á markað fyrirframáfylltan búnað, ef vetnisflúorkolefni í búnaðinum hafa ekki verið sett á markað áður en áfylling búnaðarins fór fram, í samræmi við 14. gr.

Skráning skal eiga sér stað með umsókn til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglur sem framkvæmdastjórnin skal setja.

2. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem þurfa þykir, með framkvæmdargerðum, tryggt hnökralausan rekstur skrárinnar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina í 24. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráðir framleiðendur og innflytjendur séu upplýstir, gegnum skrána, um þann kvóta sem er úthlutað og um allar breytingar á honum á meðan á úthlutunartímabilinu stendur.

4. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. tollyfirvöld, skulu hafa aðgang að skránni í upplýsingaskyni.

18. gr.

Framsal kvóta og leyfi til að nota kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna í innfluttum búnaði á markað

1. Allir framleiðendur eða innflytjendur, sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir skv. 16. gr. (1. eða 3. mgr.) og sem hafa fengið úthlutað kvóta í samræmi við 16. gr. (5. mgr.), geta framselt, í gegnum skrána sem um getur í 17. gr. (1. mgr.), þann kvóta fyrir allt magnið eða hluta þess til annars framleiðanda eða innflytjanda innan Sambandsins eða annars framleiðanda eða innflytjanda sem hefur einn fulltrúa sem kemur fram fyrir hans hönd innan Sambandsins eins og um getur í 16. gr. (annarri og þriðju undirgrein 5. mgr.).

2. Allir framleiðendur eða innflytjendur sem hafa fengið kvóta sem var úthlutað í samræmi við 1. og 3. mgr. 16. gr. eða sem hafa fengið framseldan kvóta skv. 1. mgr. þessarar greinar geta veitt öðru fyrirtæki leyfi til að nota kvótann í þeim tilgangi sem fram kemur í 14. gr.

Allir framleiðendur eða innflytjendur sem hafa fengið kvóta sem var úthlutað eingöngu á grundvelli yfirlýsingar skv. 2. mgr. 16. gr. geta einungis leyft öðru fyrirtæki að nota kvótann í þeim tilgangi sem fjallað er um í 14. gr. að því tilskildu að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, afhendi í raun samsvarandi magn af vetnisflúorkolefnum.

Að því er varðar 15., 16. og 19. gr. (1. og 6. mgr.) skal framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, teljast hafa sett samsvarandi magn af hverju vetnisflúorkolefni á markað um leið og leyfið var veitt. Framkvæmdastjórnin getur krafist þess að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem leyfið veitir, leggi fram sannanir fyrir því að hann sé virkur í afhendingu vetnisflúorkolefna.

V. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF

19. gr.

Skýrslugjöf um framleiðslu, innflutning, útflytning, notkun sem hráefni og förgun efnanna sem talin eru upp í I. eða II. viðauka

1. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu allir framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur sem framleiddu, fluttu inn eða fluttu út eitt tonn eða 100 tonn af jafngildiseiningum koltvísyrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum, sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII.

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjóð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár. Þessi málsgrein gildir einnig um fyrirtæki sem fá kvóta skv. 1. mgr. 18. gr.

2. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem förguðu einu tonni eða 1000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum, sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

3. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem notuðu 1000 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum sem hráefni á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

4. Fyrir 31. mars 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki sem settu á markað 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og lofttegundum sem eru taldar upp í II. viðauka, á næstliðnu almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu með þeim gögnum sem tiltekin eru í VII. viðauka um hvert þessara efna fyrir það almanaksár.

5. Allir innflytjendur búnaðar, sem setja á markað búnað sem er fyrirframáfylltur, skulu, hafi vetnisflúorkolefni í búnaðinum ekki verið sett á markað áður en búnaðurinn var áfylltur, leggja fyrir framkvæmdastjórnina staðfestingarskjal sem er gefið út skv. 2. mgr. 14. gr.

6. Fyrir 30. júní 2015 og árlega eftir það skulu öll fyrirtæki, sem skv. 1. mgr. gefa skýrslu um setningu á markað á 10 000 tonnum jafngildiseininga koltvísýrings eða meira af vetnisflúorkolefnum á næstliðnu almanaksári, þar að auki sjá til þess að áreiðanleiki gagnanna sé staðfestur af óháðum endurskoðanda. Endurskoðandinn skal annaðhvort:

- hafa vottun samkvæmt tilskipun 2003/87/EB eða
- vottun til að staðfesta reikninga í samræmi við lög hlutadeigandi aðildarríkis.

Fyrirtækið skal geyma staðfestingarskýrsluna í minnst fimm ár. Staðfestingarskýrslan skal, sé þess óskað, gerð aðgengileg lögbæru yfirvaldi hlutadeigandi aðildarríkis og framkvæmdastjórninni.

7. Framkvæmdastjórnin getur, með framkvæmdargerðum, ákveðið snið skýrslunnanna, sem um getur í þessari grein, og aðferðina við framlagningu þeirra.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 24. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana samkvæmt þessari grein.

20. gr.

Söfnun á gögnum um losun

Aðildarríkin skulu koma sér upp skýrslugjafarkerfi fyrir viðkomandi geira sem um getur í þessari reglugerð með það að markmiði að afla gagna um losun eftir því sem framast er unnt.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 22. gr. að því er varðar uppfærslur á I., II. og IV. viðauka á grundvelli nýrra matsskýrslna sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkir eða nýrra skýrslna um hnatthlýnunarmátt skráðu efnanna frá sérfræðinganefnd Montreal-bókunarinnar um vísindalegt mat.

2. Á grundvelli upplýsinga um setningu lofttegundanna, sem eru skráðar í I. og II. viðauka, á markað, sem skýrsla er gefin um skv. 19. gr., og upplýsinga um losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru gerðar aðgengilegar í samræmi við 20. gr. og á grundvelli allra viðeigandi upplýsinga sem fengnar eru frá aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin fylgjast með beitingu og áhrifum þessarar reglugerðar.

Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu um framboð á vetnisflúorkolefnum á markaði í Sambandinu.

Eigi síðar en 31. desember 2022 skal hún birta ítarlega skýrslu um áhrif þessarar reglugerðar og þá einkum:

- spá um áframhaldandi eftirspurn eftir vetnisflúorkolefnum fram til og eftir 2030,
- mat á þörfinni fyrir frekari aðgerðum af hálfu Sambandsins og aðildarríkja þess í ljósi gildandi og nýrra alþjóðaskuldbindinga sem varða skerðingu á losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda,
- yfirlit yfir evrópska og alþjóðlega staðla, landsbundna öryggislöggjöf og byggingarreglugerðir í tengslum við umbreytinguna yfir í staðgöngukælimiðla,
- endurskoðun á framboði á tæknilega mögulegum og kostnaðarhagkvæmum staðgöngukostum fyrir vörur og búnað sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, fyrir vörur og búnað sem ekki eru skráð í III. viðauka, með tilliti til orkunýtni.

3. Eigi síðar en 1. júlí 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem lagt er mat á bannið skv. 13. lið III. viðauka, einkum með tilliti til framboðs á kostnaðarhagkvæmum, tæknilega mögulegum, orkunýtnum og áreiðanlegum staðgöngukostum fyrir miðlæg fjölþjöppukælikerfi sem um getur í því ákvæði. Í ljósi þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fram, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið með það fyrir augum að breyta ákvæðinu skv. 13. lið III. viðauka.

4. Eigi síðar en 1. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem metið er hvort til séu kostnaðarhagkvæmir, tæknilega mögulegir, orkunýtnir og áreiðanlegir staðgöngukostir sem gera mögulegt að skipta út flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í nýjum millispennurofubúnaði og í nýjum, litlum stakskiptum loftræstikerfum og skal, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um breytingar á skránni sem sett er fram í III. viðauka.

5. Eigi síðar en 1. júlí 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem metin er aðferðin við úthlutun kvóta, þ.m.t. áhrifin af því að úthluta kvóta án endurgjalds, og kostnaðurinn við framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum ásamt hugsanlegum alþjóðasamningi um vettisflúorkolefni, ef við á. Í ljósi þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið í því skyni að:

- a) breyta aðferðinni við úthlutun kvóta,
- b) koma á fót viðeigandi aðferð við dreifingu á hugsanlegum tekjum.

6. Eigi síðar en 1. janúar 2017 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu þar sem rýnt er í löggjöf Sambandsins að því er varðar menntun og þjálfun einstaklinga í öruggri meðhöndlun á staðgöngukælimiðlum sem eiga að koma í staðinn fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða draga úr notkun þeirra og skal leggja, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta viðkomandi löggjöf Sambandsins.

22. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykka framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykka framseldar gerðir, sem um getur í 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr., í fimm ár frá 10. júní 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um önnur fimm ára tímabil, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 15. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að hvorki Evrópuþingið né ráðið hafi haft uppi andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa, áður en fresturinn er liðinn, upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

23. gr.

Samráðsvettvangur

Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að jafnvægi sé á milli þátttöku fulltrúa aðildarríkjanna og fulltrúa hins borgaralega samfélags, þ.m.t. umhverfissamtaka, fulltrúa framleiðenda, rekstraraðila og einstaklinga sem hafa atvinnuskirteini. Í því skyni skal hún koma á fót sérstökum samráðsvettvangi þar sem þessir aðilar geta hist og miðlað ráðleggingum og sérfræðipækkingu til framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með tilliti til framboðs á staðgöngukostum fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, þ.m.t. umhverfislegir þættir, tæknilegir þættir, efnahagslegir þættir og öryggisþættir er varða notkun þeirra. Framkvæmdastjórnin skal setja starfsreglur fyrir samráðsvettvanginn og birta þær.

24. gr.

Nefndar meðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Nefnd þessi skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki álit skal framkvæmdastjórnin ekki samþykka drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

25. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. janúar 2017, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Hafi fyrirtæki farið fram úr kvóta, sem þeim var úthlutaður í samræmi við 5. mgr. 16. gr. eða var framseldur til þeirra í samræmi við 18. gr., vegna setningar vettisflúorkolefna á markað má, auk viðurlaganna sem um getur í 1. mgr., einungis úthluta þeim minnkuðum kvóta fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast.

Minnkunin skal reiknuð sem 200% af því magni sem fór fram úr kvótanum. Ef minnkaða magnið er meira en það magn sem á að úthluta sem kvóta skv. 5. mgr. 16. gr. fyrir úthlutunartímabilið eftir að umframmagnið uppgötvast skal ekki úthluta neinum kvóta fyrir það úthlutunartímabil og einnig skal minnka kvótann fyrir næstu úthlutunartímabil þar til búið er að draga frá allt magnið.

26. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 842/2006 skal felld úr gildi frá og með 1. janúar 2015, með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í þeirri reglugerð í samræmi við tímaáætlunina sem þar er sett fram.

Hins vegar skulu reglugerðir (EB) nr. 1493/2007, (EB) nr. 1494/2007, (EB) nr. 1497/2007, (EB) nr. 1516/2007, (EB) nr. 303/2008, (EB) nr. 304/2008, (EB) nr. 305/2008, (EB) nr. 306/2008, (EB) nr. 307/2008 og (EB) nr. 308/2008 halda gildi sínu og vera beitt áfram nema

og þangað til þær eru felldar niður með framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þessari reglugerð.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 842/2006 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunar-tölfunni í VIII. viðauka.

27. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
M. SCHULZ
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
D. KOURKOULAS
forseti.

I. VIÐAUKI

FLÚORADAR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR SEM UM GETUR Í 1. LIÐ 2. GR.

Verslunarheiti (e. <i>industrial designation</i>)	Efni		Hnathlúnunarmáttur ⁽¹⁾
	Efnaheiti (Almennt heiti)	Efnaformúla	
1. þáttur: Vetrísflúorkolefni (HFC)			
HFC-23	trifluóormetan (flúorform)	CHF ₃	14 800
HFC-32	difluóormetan	CH ₂ F ₂	675
HFC-41	flúormetan (metýlflóoríð)	CH ₃ F	92
HFC-125	pentaflúoretan	CHF ₂ CF ₃	3 500
HFC-134	1,1,2,2-tetraflúoretan	CHF ₂ CHF ₂	1 100
HFC-134a	1,1,1,2-tetraflúoretan	CH ₂ FCF ₃	1 430
HFC-143	1,1,2-trifluóoretan	CH ₂ FCHF ₂	353
HFC-143a	1,1,1-trifluóoretan	CH ₃ CF ₃	4 470
HFC-152	1,2-difluóoretan	CH ₂ FCH ₂ F	53
HFC-152a	1,1-difluóoretan	CH ₃ CHF ₂	124
HFC-161	flúoretan (etýlflóoríð)	CH ₃ CH ₂ F	12
HFC-227ea	1,1,1,2,3,3,3-heptaflúorprópan	CF ₃ CHFCF ₃	3 220
HFC-236cb	1,1,1,2,2,3-hexaflúorprópan	CH ₂ FCF ₂ CF ₃	1 340
HFC-236ea	1,1,1,2,3,3-hexaflúorprópan	CHF ₂ CHFCF ₃	1 370
HFC-236fa	1,1,1,3,3,3-hexaflúorprópan	CF ₃ CH ₂ CF ₃	9 810
HFC-245ca	1,1,2,2,3-pentaflúorprópan	CH ₂ FCF ₂ CHF ₂	693
HFC-245fa	1,1,1,3,3-pentaflúorprópan	CHF ₂ CH ₂ CF ₃	1 030
HFC-365 mfc	1,1,1,3,3-pentaflúorbútan	CF ₃ CH ₂ CF ₂ CH ₃	794
HFC-43-10 mee	1,1,1,2,2,3,4,5,5-dekaflúorpentan	CF ₃ CHFCHFCF ₂ CF ₃	1 640
2. þáttur: Perflúorkolefni (PFC)			
PFC-14	tetraflúormetan (perflúormetan, koltetraflúoríð)	CF ₄	7 390
PFC-116	hexaflúoretan (perflúoretan)	C ₂ F ₆	12 200
PFC-218	oktaflúorprópan (perflúorprópan)	C ₃ F ₈	8 830
PFC-3-1-10 (R-31-10)	dekaflúorbútan (perflúorbútan)	C ₄ F ₁₀	8 860
PFC-4-1-12 (R-41-12)	dódekaflúorpentan (perflúorpentan)	C ₅ F ₁₂	9 160
PFC-5-1-14 (R-51-14)	tetradekaflúorhexan (perflúorhexan)	C ₆ F ₁₄	9 300
PFC-c-318	oktaflúorsýklóbútan (perflúorsýklóbútan)	c-C ₄ F ₈	10 300
3. þáttur: Önnur perflúoruð efнасambönd			
	brennisteinshexaflúoríð	SF ₆	22 800

(¹) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.

II. VIÐAUKI
**ÁDRAR FLÚORADAR GRÓÐURHÚSALÖFTTEGUNDIR SEM FALLA
 UNDIR SKÝRSLUGJÖF Í SAMRÆMI VIÐ 19. GR.**

Efni		Hnathlýnunarmáttur (¹)
Almennt heiti/verslunarheiti	Efnaformúla	
1. þáttur: Ómettuð vetnis(klór)flúorkolefni		
HFC-1234yf	CF ₃ CF = CH ₂	4 ^{Fn} (²)
HFC-1234ze	trans — CHF = CHCF ₃	7 ^{Fn} ²
HFC-1336mzz	CF ₃ CH = CHCF ₃	9
HCFC-1233zd	C ₃ H ₂ C ₁ F ₃	4,5
HCFC-1233xf	C ₃ H ₂ C ₁ F ₃	1 ^{Fn} (³)
2. þáttur: Flúoraðir etrar og alkóhól		
HFE-125	CHF ₂ OCF ₃	14 900
HFE-134 (HG-00)	CHF ₂ OCHF ₂	6 320
HFE-143a	CH ₃ OCF ₃	756
HCFE-235da2 (ísóflúoran)	CHF ₂ OCHC ₁ F ₃	350
HFE-245cb2	CH ₃ OCF ₂ CF ₃	708
HFE-245fa2	CHF ₂ OCH ₂ CF ₃	659
HFE-254cb2	CH ₃ OCF ₂ CHF ₂	359
HFE-347 mcc3 (HFE-7000)	CH ₃ OCF ₂ CF ₂ CF ₃	575
HFE-347pcf2	CHF ₂ CF ₂ OCH ₂ CF ₃	580
HFE-356pcc3	CH ₃ OCF ₂ CF ₂ CHF ₂	110
HFE-449sl (HFE-7100)	C ₄ F ₉ OCH ₃	297
HFE-569s12 (HFE-7200)	C ₄ F ₉ OC ₂ H ₅	59
HFE-43-10pccc124 (H-Galden 1040x) HG-11	CHF ₂ OCF ₂ OC ₂ F ₄ OCHF ₂	1 870
HFE-236ca12 (HG-10)	CHF ₂ OCF ₂ OCHF ₂	2 800
HFE-338pcc13 (HG-01)	CHF ₂ OCF ₂ CF ₂ OCHF ₂	1 500
HFE-347mmy1	(CF ₃) ₂ CFOCH ₃	343
2,2,3,3,3-pentaflúorprópanól	CF ₃ CF ₂ CH ₂ OH	42
bis(tríflúormetýl)-metanól	(CF ₃) ₂ CHOH	195
HFE-227ea	CF ₃ CHFOCF ₃	1 540
HFE-236ea2 (desflúoran)	CHF ₂ OCHF ₂ CF ₃	989
HFE-236fa	CF ₃ CH ₂ OCF ₃	487
HFE-245fa1	CHF ₂ CH ₂ OCF ₃	286
HFE 263fb2	CF ₃ CH ₂ OCH ₃	11
HFE-329 mcc2	CHF ₂ CF ₂ OCF ₂ CF ₃	919
HFE-338 mcf2	CF ₃ CH ₂ OCF ₂ CF ₃	552
HFE-338mmz1	(CF ₃) ₂ CHOCHF ₂	380
HFE-347 mcf2	CHF ₂ CH ₂ OCF ₂ CF ₃	374
HFE-356 mcc3	CH ₃ OCF ₂ CHF ₂ CF ₃	101
HFE-356mm1	(CF ₃) ₂ CHOCH ₃	27
HFE-356pcf2	CHF ₂ CH ₂ OCF ₂ CHF ₂	265
HFE-356pcf3	CHF ₂ OCH ₂ CF ₂ CHF ₂	502
HFE 365 mcf3	CF ₃ CF ₂ CH ₂ OCH ₃	11
HFE-374pc2	CHF ₂ CF ₂ OCH ₂ CH ₃	557
	-(CF ₂) _n CH(OH)-	73

Efni		Hnathlúnunarmáttur (¹)
Almennt heiti/verslunarheiti	Efnaformúla	
3. þáttur: Önnur perflúoruð efnasambönd		
perflúorópólýmetylísóprópyleter (PFPMIE)	CF ₃ OCF(CF ₃)CF ₂ OCF ₂ OCF ₃	10 300
köfnunarefnistríflúoríð	NF ₃	17 200
tríflúormetylbrennisteinspentaflúoríð	SF ₅ CF ₃	17 700
perflúorsýklóprópan	c-C ₃ F ₆	17340 F ^{tr} (⁴)

(¹) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.
(²) Hnathlúnunarmáttur samkvæmt skýrslunni frá 2010 um mat sérfræðinganeftdar Montreal-bókunarinnar, töflur 1–11, með vísun í tvær jafningjarýndar vísindalegar heimildir. http://ozone.unep.org/Assessment_Panels/SAP/Scientific_Assessment_2010/index.shtml.
(³) Staðalgildi, hnathlúnunarmáttur liggur enn ekki fyrir.
(⁴) Lágmarksgildi samkvæmt fjórðu matsskýrslunni sem samþykkt var af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar.

III. VIÐAUKI

BANN VIÐ SETNINGU Á MARKAÐ SEM UM GETUR Í 1. MGR. 11. GR.

Vörur og búnaður		Dagsetning banns
Þar sem við á skal reikna hnathlúnunarmátt blandna, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, í samræmi við IV. viðauka, eins og kveðið er á um í 6. lið 2. gr.		
1. Einnota ílát fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem eru notaðar til að þjónusta, viðhalda eða fylla á kæli-, loftræsti- eða varmadeilubúnað, brunavarnarkerfi eða rofbúnað, eða til notkunar sem leysar		4. júlí 2007
2. Kerfi með beina uppgufun í opnu rými sem innihalda vetnisflúorkolefni og perflúorkolefni sem kælimiðla		4. júlí 2007
3. Brunavarnarbúnaður	sem inniheldur perflúorkolefni	4. júlí 2007
	sem inniheldur vetnisflúorkolefni HFC-23	1. janúar 2016
4. Rúður fyrir íbúðarhúsnæði sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2007
5. Aðrar rúður sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2008
6. Skófatnaður sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2006
7. Hjólbarðar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir		4. júlí 2007
8. Einþátta frauð, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira		4. júlí 2008
9. Úðabrusar sem eru markaðssettir og ætlaðir til sölu til almennings til skemmtunar og til skrauts, eins og er talið upp í 40. lið XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og merkjalúðrar (e. <i>signal horns</i>) sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira		4. júlí 2009
10. Kæliskápar og frystar til heimilisnota sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira		1. janúar 2015
11. Kæliskápar og frystar til notkunar í viðskiptalegum tilgangi (loftþéttur búnaður)	sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnathlúnunarmáttinn 2500 eða meira	1. janúar 2020
	sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira	1. janúar 2022
12. Kyrrstæður kælibúnaður sem inniheldur eða virkar fyrir tilstilli vetnisflúorkolefna með hnathlúnunarmáttinn 2500 eða meira, að undanskildum búnaði sem er ætlaður til notkunar í tækjabúnað sem er hannaður til að kæla vörur niður fyrir -50 °C		1. janúar 2020
13. Miðlæg fjölþjöppukælikerfi til notkunar í viðskiptalegum tilgangi, með 40 kW málafköst eða meira, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira, nema í ytri kælrás keðjutengdra kerfa en í þeim má nota flúoraðrar gróðurhúsalofttegundir með hnathlúnunarmátt undir 1500		1. janúar 2022
14. Hreyfanlegur loftræstibúnaður fyrir herbergi (loftþéttur búnaður sem endanlegur notandi getur fært á milli herbergja) sem inniheldur vetnisflúorkolefni með hnathlúnunarmáttinn 150 eða meira		1. janúar 2020
15. Stakskipt loftræstikerfi, sem innihalda minna en 3 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum, sem innihalda eða virka fyrir tilstilli flúoraðra gróðurhúsalofttegunda með hnathlúnunarmáttinn 750 eða meira		1. janúar 2025
16. Frauð sem innihalda vetnisflúorkolefni	Útpressað pólýstýren (XPS)	1. janúar 2020

Vörur og búnaður		Dagsetning banns
Þar sem við á skal reikna hnatthlúnunarmátt blandna, sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, í samræmi við IV. viðauka, eins og kveðið er á um í 6. lið 2. gr.		
með hnatthlúnunarmáttinn 150 eða meira, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla	Önnur frauð	1. janúar 2023
17. Úðabrusar til tæknilegra nota sem innihalda vetnisflúorkolefni með hnatthlúnunarmáttinn 150 eða meira, nema þegar þeirra er þörf til að uppfylla landsbundna öryggisstaðla eða til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi		1. janúar 2018

IV. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ REIKNNA ÚT HEILDARHNATTHLÚNUNARMÁTT BLÖNDU

Hnatthlúnunarmáttur blöndu er reiknaður sem vegið meðaltal, leitt út af summu þyngdarhluta einstakra efna, margfaldað með hnatthlúnunarmætti þeirra, ef annað er ekki tekið fram, þ.m.t. efna sem eru ekki flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

Σ (Efni X% hnatthlúnunarmáttar) + (Efni Y% hnatthlúnunarmáttar) + ... (Efni N% hnatthlúnunarmáttar),

þar sem % er framlag miðað við þyngd með þyngdarvirkmörk upp á +/- 1%.

Dæmi: formúlan notuð til að reikna út blöndu af lofttegundum sem samanstanda af 60% dímetýletra, 10% HFC-152a og 30% ísóbútani:

Σ (60% 1) + (10% 124) + (30% 3)

→ Heildarhnatthlúnunarmáttur = 13,9

Hnatthlúnunarmáttur eftirfarandi efna, sem ekki eru flúoruð, er notaður til að reikna hnatthlúnunarmátt blandna. Að því er varðar önnur efni sem ekki eru talin upp í þessum viðauka er staðalgildið 0.

Almennt heiti	Efni		Hnatthlúnunarmáttur (¹)
	Verslunarheiti	Efnaformúla	
metan		CH ₄	25
nituroxíð		N ₂ O	298
dímetýletri		CH ₃ OCH ₃	1
metýlenklóríð		CH ₂ Cl ₂	9
metýlklóríð		CH ₃ Cl	13
klóróform		CHCl ₃	31
etan	R-170	CH ₃ CH ₃	6
própan	R-290	CH ₃ CH ₂ CH ₃	3
bútan	R-600	CH ₃ CH ₂ CH ₂ CH ₃	4
ísóbútan	R-600a	CH(CH ₃) ₂ CH ₃	3
pentan	R-601	CH ₃ CH ₂ CH ₂ CH ₂ CH ₃	5 (²)
ísópentan	R-601a	(CH ₃) ₂ CHCH ₂ CH ₃	5 (²)
etoxýetan (díetýletri)	R-610	CH ₃ CH ₂ OCH ₂ CH ₃	4
metýlformat	R-611	HCOOCH ₃	25
vetni	R-702	H ₂	6
ammoníak	R-717	NH ₃	0
etýlen	R-1150	C ₂ H ₄	4
própýlen	R-1270	C ₃ H ₆	2
sýklópentan		C ₅ H ₁₀	5 (²)

(¹) Byggt á fjórðu matsskýrslunni sem var samþykkt af milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar, nema þegar annað er tilgreint.

(²) Efnið er ekki skráð í fjórðu matsskýrslunni sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar samþykkti og staðalgildi byggt á hnatthlúnunarmætti annarra vetniskolefna.

V. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á HÁMARKSMAGNI, VIÐMIÐUNARGILDUM OG KVÓTA
VEGNA SETNINGAR VETNISFLÚORKOLEFNA Á MARKAÐ

Hámarksmagnið sem um getur í 1. mgr. 15. gr. skal reiknað út með því að taka eftirfarandi hundraðshlutföll af ársmeðaltali af heildarmagninu sem var sett á markað í Sambandinu á tímabilinu frá 2009 til 2012. Frá og með 2018 skal hámarksmagnið sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reiknað með því að taka eftirfarandi hundraðshlutföll af ársmeðaltali af heildarmagninu sem var sett á markað í Sambandinu á tímabilinu frá 2009 til 2012 og því næst draga frá magnið fyrir undanþegna notkun skv. 2. mgr. 15. gr., á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ár	Hundraðshlutfall til að reikna út hámarksmagn vetnisflúorkolefna, sem setja skal á markað, og samsvarandi kvóta
2015	100%
2016–17	93%
2018–20	63%
2021–23	45%
2024–26	31%
2027–29	24%
2030	21%

Hámarksmagn, viðmiðunargildi og kvóti vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, sem um getur í 15. og 16. gr., skulu reiknuð út sem samanlagt magn allra tegunda af vetnisflúorkolefnum, gefið upp í tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings.

Útreikningur á viðmiðunargildum og kvóta vegna setningar vetnisflúorkolefna á markað, sem um getur í 15. og 16. gr., skal byggjast á því magni vetnisflúorkolefna sem framleiðendur og innflytjendur hafa sett á markað í Sambandinu á viðmiðunar- eða úthlutunar-tímabilinu að undanskildum vetnisflúorkolefnum til þeirra nota sem um getur í 2. mgr. 15. gr. á sama tímabili, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Viðskipti sem um getur í c-lið 2. mgr. 15. gr. skulu staðfest í samræmi við 6. mgr. 19. gr., óháð magni.

VI. VIÐAUKI

ÚTHLUTUNARFYRIRKOMULAG SEM UM GETUR Í 16. GR.

1. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir skv. 1. og 3. mgr. 16. gr.
Hvert fyrirtæki sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir fær kvóta sem samsvarar 89% af viðmiðunargildinu margfaldað með hundraðshlutfallinu sem er tilgreint í V. viðauka fyrir viðkomandi ár.
2. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.
Summa kvótans sem er úthlutað skv. 1. lið er dregin frá hámarksmagninu fyrir viðkomandi ár, sem sett er fram í V. viðauka, til að ákvarða magnið sem skal úthluta til fyrirtækja sem ekki hafa verið ákveðin viðmiðunargildi fyrir og sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr. (magn sem skal úthlutað í 1. þrepi útreikningsins).
 - 2.1. 1. þrep útreikningsins
Hvert fyrirtæki fær úthlutun sem samsvarar því magni sem óskað er eftir í yfirlýsingu þess en þó ekki meira en hlutfallslega hlutdeild í því magni sem skal úthluta í 1. þrepi.
Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð með því að deila í 100 með fjölda fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu. Summa kvótans sem er úthlutað í 1. þrepi er dregin frá magninu sem skal úthlutað í 1. þrepi til að ákvarða magnið sem á að úthluta í 2. þrepi.
 - 2.2. 2. þrep útreikningsins
Hvert fyrirtæki sem ekki hefur fengið 100% af því magni sem óskað var eftir í yfirlýsingu þess í 1. þrepi fær viðbótarúthlutun sem samsvarar mismuninum á milli þess magns sem óskað var eftir og magnsins sem það fékk í 1. þrepi. Hins vegar má það ekki fara umfram hlutfallslegu hlutdeildina af magninu sem skal úthluta í 2. þrepi.
Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð út með því að deila í 100 með fjölda fyrirtækja sem á rétt á úthlutun í 2. þrepi. Summa kvótans sem er úthlutað í 2. þrepi er dregin frá magninu sem skal úthlutað í 2. þrepi til að ákvarða magnið sem á að úthluta í 3. þrepi.
 - 2.3. 3. þrep útreikningsins
2. þrep er endurtekið þar til búið er að uppfylla allar óskir eða þar til það magn sem eftir er að úthluta í næsta áfanga er minna en 500 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings.
3. Ákvörðun á því magni sem skal úthluta til fyrirtækja sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr.
Við úthlutun kvóta fyrir 2015 til 2017 er summa kvótans sem er úthlutað skv. 1. og 2. lið, dregin frá hámarksmagninu fyrir viðkomandi ár, sem er sett fram í V. viðauka, til að ákvarða magnið sem skal úthluta til fyrirtækja sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir og hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr.
Úthlutunarfyrirkomulagið sem er sett fram í liðum 2.1 og 2.2 gildir.

Að því er varðar úthlutun á kvóta fyrir 2018 og hvert ár eftir það skal meðhöndla fyrirtæki, sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 4. mgr. 16. gr., á sama hátt og fyrirtæki sem hafa lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 16. gr.

VII. VIÐAUKI

GÖGN SEM SKAL GEFA SKÝRSLU UM SKV. 19. GR.

1. Allir framleiðendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:
 - a) heildarmagn hvers efnis sem er talið upp í I. og II. viðauka sem þeir hafa framleitt innan Sambandsins ásamt meginnotkunarflokkum fyrir hvert efni,
 - b) magn hvers efnis sem er talið upp í I. viðauka og, eftir atvikum, II. viðauka, sem þeir hafa sett á markað í Sambandinu, með aðskildum tilgreiningum á því magni sem er sett á markað til notkunar sem hráefni, til beins útflutnings, til framleiðslu á innúðaskömmtum til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum, til notkunar í herbúnað og notkunar við ætingu á hálfleiðandi efnunum eða til hreinsunar á klefum sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,
 - c) það magn af hverju efni, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem hefur verið endurunnið, endurnýtt og fargað, eftir því sem við á,
 - d) allar birgðir sem til eru við upphaf og lok skýrslugjafartímabilsins,
 - e) öll leyfi til að nýta kvóta, með tilgreindu viðkomandi magni, vegna ákvæða 14. gr.
2. Allir innflytjendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:
 - a) magn hvers efnis sem er skráð í I. viðauka og, eftir atvikum, II. viðauka, sem þeir hafa flutt til Sambandsins, með upplýsingum um meginnotkunarflokk hvers efnis, með aðskildum tilgreiningum á því magni sem er sett á markað til förgunar, til notkunar sem hráefni, til beins útflutnings, til framleiðslu á innúðaskömmtum til inngjafar á lyfjafræðilegum innihaldsefnum, til notkunar í herbúnað og notkunar við ætingu á hálfleiðandi efnunum eða til hreinsunar á klefum sem eru notaðir til efnafræðilegrar eimhúðunar innan hálfleiðaraframleiðslugeirans,
 - b) það magn af hverju efni, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem hefur verið endurunnið, endurnýtt og fargað, eftir því sem við á,
 - c) öll leyfi til að nýta kvóta, með tilgreindu viðkomandi magni, vegna ákvæða 14. gr.,
 - d) allar birgðir sem til eru við upphaf og lok skýrslugjafartímabilsins.
3. Allir útflytjendur sem um getur í 1. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:
 - a) það magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem þeir hafa flutt út frá Sambandinu til annars en endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
 - b) allt magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem þeir hafa flutt út frá Sambandinu til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar, eftir því sem við á.
4. Öll fyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:
 - a) það magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem var fargað, þ.m.t. það magn þessara efna sem var í vörum eða búnaði,
 - b) allar birgðir hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem biður förgunar, þ.m.t. það magn þessara efna sem er í vörum eða búnaði,
 - c) tæknina sem er notuð við förgun efnanna sem eru talin upp í I. og II. viðauka.
5. Öll fyrirtæki sem um getur í 3. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um magn hvers efnis, sem talið er upp í I. viðauka, sem er notað sem hráefni.
6. Öll fyrirtæki sem um getur í 4. mgr. 19. gr. skulu gefa skýrslu um:
 - a) flokka vara eða búnaðar sem innihalda efni sem eru talin upp í I. og II. viðauka,
 - b) fjölda eininga,
 - c) allt magn hvers efnis, sem er talið upp í I. og II. viðauka, sem er í vörum eða búnaðinum.

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 842/2006	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	2. og 3. mgr. 3. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr.	1., 2. og 3. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 3. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 3. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 3. gr.	—

Reglugerð (EB) nr. 842/2006	Þessi reglugerð
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 5. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 4. gr.
5. mgr. 3. gr.	4. mgr. 4. gr.
6. mgr. 3. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr.
7. mgr. 3. gr.	5. mgr. 4. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	5. og 12. mgr. 10. gr.
Fyrsti málsliður 2. mgr. 5. gr.	1., 2. og 6. mgr. 10. gr.
Annar málsliður 2. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 10. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 5. gr.	Önnur undirgrein 10. mgr. 10. gr.
3. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 11. gr.
5. mgr. 5. gr.	13. mgr. 10. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 19. gr. og VII. viðauki
2. mgr. 6. gr.	7. mgr. 19. gr.
3. mgr. 6. gr.	8. mgr. 19. gr.
4. mgr. 6. gr.	20. gr. og 2. mgr. 6. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.	Fyrsti málsliður 1. mgr. 12. gr.
Annar og þriðji málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr.	2., 3. og 4. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr.	13. mgr. 12. gr.
2. mgr. 7. gr.	Annar málsliður 1. mgr. 12. gr.
Fyrsti málsliður 3. mgr. 7. gr.	14. mgr. 12. gr.
Annar málsliður 3. mgr. 7. gr.	15. mgr. 12. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 13. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 13. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 9. gr.	—
3. mgr. 9. gr.	—
10. gr.	2. mgr. 21. gr.
11. gr.	—
12. gr.	24. gr.
1. mgr. 13. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 25. gr.
2. mgr. 13. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 25. gr.
14. gr.	—
15. gr.	27. gr.
1. hluti I. viðauka	I. viðauki
2. hluti I. viðauka	IV. viðauki
II. viðauki	III. viðauki

Fylgiskjal II.

I. VIÐAUKI

Útreikningur á hámarks magni sem um getur í 8. gr. a.**Hámarks magn.**

Hámarks magn sem setja má á markað af vetnisflúorkolefnum og getið er um í 8. gr. a er sem hér segir:

Þrep niðurfösunar	Ár	Hámarks magn innfluttra vetnisflúorkolefna	
		Hlutfall af grunnlínu	Kílótonn koldíoxíðjafngilda
1. þrep	2019-23	90%	243,9
2. þrep	2024-28	60%	162,6
3. þrep	2029-33	30%	81,3
4. þrep	2034-35	20%	54,2
Lokastaða	2036-	15%	40,6

Hámarks magnið í töflunni hér að ofan er reiknað á forsendum ákvæða Kigalibreytingarinnar við Montrealbókunina sem hér segir:

Grunnlínan sem miðað er við nemur 271 kílótonni koldíoxíðjafngilda.

Grunnlínan er meðaltal innflutnings vetnisflúorefna á árunum 2011-2013, reiknað í koldíoxíðjafngildum, að viðbættum 15% af reiknuðu koldíoxíðjafngildi grunnlínu vegna innflutnings HCFC-efna.

Innflutningstölur sem lagðar eru til grundvallar varða eingöngu innflutning hreinna miðla, þ.e. ekki vetnisflúorkolefni sem var að finna í búnaði öðrum en ílátum við innflutning.

Grunnlína vegna innflutnings HCFC-efna byggist á innflutningstölum frá 1989 (innflutningur HCFC-efna árið 1989 + 2,8% innflutnings CFC-efna sama ár). Upprunaleg forsenda grunnlíunnar var ósoneyðingarmáttur og grunnlínan því gefin í ODP tonnum. Útreikningur HCFC grunnlínu í koldíoxíðjafngildum byggist á upplýsingum frá Ósonskrifstofu UNEP um innflutning HCFC- og CFC-efna til Íslands 1989 og viðeigandi hnatthlúnunarstuðlum.

II. VIÐAUKI

Útreikningur á viðmiðunargildum sem um getur í 8. gr. b.

Viðmiðunargildi fyrir innflytjendur skv. 1. mgr. 8. gr. b er reiknað samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Viðmiðunargildi eru reiknuð árlega fyrir þau fyrirtæki sem staðið hafa fyrir löglegum innflutningi eitt eða fleiri af þremur undangengnum árum. Allar innflutningstölur sem lagðar eru til grundvallar útreikningum skulu vera í koldíoxíðjafngildum reiknuðum samkvæmt hnatthlýnunarmætti viðkomandi efna í samræmi við viðeigandi viðauka reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.
2. Viðmiðunargildi hvers innflytjanda reiknast sem hlutfall löglegs innflutnings hans á vetnisflúorkolefnum undangengin þrjú ár af heildarinnflutningi til landsins sömu ár.

Formúla til útreiknings á viðmiðunargildi innflytjanda q_n árið n er

$$q_n = \frac{x}{X}$$

þar sem x er löglegur innflutningur innflytjandans undangengin þrjú ár og X er summa löglegs innflutnings allra innflytjenda sömu þrjú ár.

3. Viðmiðunargildin, sem reiknuð eru í samræmi við framangreint, liggja til grundvallar við úthlutun innflutningsheimilda skv. III. viðauka fyrir næsta ár á eftir.

III. VIÐAUKI

Úthlutunarfyrirkomulag innflutningsheimilda sem um getur í 8. gr. b.**Úthlutun innflutningsheimilda til fyrirtækja sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir skv. 1. mgr. 8. gr. b.**

1. Hverju fyrirtæki, sem viðmiðunargildi hefur verið ákveðið fyrir, eru úthlutaðar innflutningsheimildir sem samsvara 89% af viðmiðunargildinu sem reiknað var árið á undan úthlutunarárinu margfaldað með hámarks magni innfluttra vetnisflúorkefna fyrir viðeigandi innflutningsár skv. I. viðauka.

Athugið að fyrirtæki sem úthlutað er heimildum skv. 1. mgr. þessa liðar kann einnig að vera úthlutað heimildum skv. 2. lið.

Úthlutun innflutningsheimilda til fyrirtækja sem lagt hafa fram umsókn skv. 2. mgr. 8. gr. b.

2. Úthlutun innflutningsheimilda til fyrirtækja á forsendum umsókna sem þau hafa lagt fram skv. 2. mgr. 8. gr. b er unnin í þrepum eins og lýst er hér á eftir.

2.1 1. þrep útreikningsins.

Til að ákvarða magnið sem úthluta má í 1. þrepi er summa innflutningsheimilda sem er úthlutað skv. 1. lið dregin frá hámarks magninu fyrir viðkomandi ár skv. I. viðauka.

Hvert fyrirtæki fær úthlutað innflutningsheimildum sem samsvara því magni sem óskað er eftir í umsókn þess en þó ekki meira en hlutfallslega hlutdeild, sbr. 3. mgr. þessa liðar, í því magni sem má úthluta í 1. þrepi.

Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð með því að deila heildarmagninu sem úthluta má í 1. þrepi með fjölda þeirra fyrirtækja sem sótt hafa um innflutningsheimild.

2.2 2. þrep útreikningsins.

Til að ákvarða magnið sem úthluta má í 2. þrepi er summa innflutningsheimilda sem var úthlutað í 1. þrepi dregin frá því magni sem mátti úthluta í 1. þrepi.

Hvert fyrirtæki sem ekki hefur fengið 100% af því magni sem óskað var eftir í umsókn þess fær viðbótarúthlutun sem samsvarar mismuninum á milli þess magns sem óskað var eftir og magnsins sem það fékk í 1. þrepi. Hins vegar má úthlutað magn ekki vera meira en hlutfallsleg hlutdeild, sbr. 3. mgr. þessa liðar, í því magni sem má úthluta í 2. þrepi.

Hlutfallslega hlutdeildin er reiknuð með því að deila heildarmagninu sem úthluta má í 2. þrepi með fjölda þeirra fyrirtækja sem eiga rétt á úthlutun í 2. þrepi.

2.3 3. þrep útreikningsins.

2. þrep er endurtekið þar til það magn sem úthluta má er uppið eða búið er að uppfylla allar óskir um innflutningsheimildir sem koma fram í umsóknum.